



Grundaskóli
Akranesi



P Ú L S I N N

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA
1. töl. - 25. árg. - September 2020

Kveðja frá skólustjóra

Nýtt og glæsilegt skólablað Grundaskóla er komið út, 25. árgangur Púlsins.

Líkt og mörg undanfarin ár hefur skólustarfi Grundaskóla verið í miklum blóma þrátt fyrir að ytri aðstæður í samfélaginu hafi ekki verið hagstæðar vegna Covid19 farsóttarinnar. Skólablaðinu okkar er ætlað að halda utan um sögu skólustarfsins. Fjalla um það helsta sem bar á góma og varðveita sögur af merkilegu fræðslu- og uppeldisstarfi á Akranesi.

Í þessu skólablaði er farið um víðan völl. Hver árgangur fjallar um það sem hæst ber í starfi sínu. Við reynum að gera grein fyrir ýmsum föstum áhersluverkefnum s.s. heilsuefandi skóla, verkefnum okkar tengt umhverfisvernd, fjöllum um helstu þróunarverkefni og segjum frá skemmtilegum stundum og viðburðum svo eitthvað sé nefnt. Fjölmargar myndir úr skólustarfinu segja einnig sína sögu og bera gott vitni um kröftugt og fjölbreytt skólustarfi í Grundaskóla

Á liðnu skólaári var margt með



öðrum hætti en mörg ár á undan. Til dæmis voru gestakomur ekki eins tíðar og mörg fyrri skólaár og nemendur og starfsmenn voru meira heimavið en áður. Í stað þessa höfum við stór aukið rafræn samskipti við foreldra og forráðamenn, aðra skóla og stofnanir. Þetta eru mikil umskipti í starfsháttum en sýna þó betur en margt annað hversu mikill sveigjanleiki er innbyggður í íslenskt skólakerfi.

Á nokkrum dögum skiptum við við út hefðbundnu skólustarfi og forum yfir í fjarnám á öllum aldurstigum. Samvinna og samstaða allra aðila skólasamfélagsins á Akranesi tryggði að við komumst í gegnum erfitt ástand áfallalaust. Full ástæða er til að hrósa hér öllu okkar fólki fyrir frábæra framistöðu og lausnar miðaða hugsun við að ráða fram úr málum og tryggja áfram með miklum sóma áfram farsælt skólustarfi í skólanum okkar.

Þegar lítið er til baka er mikilvægt að við drögum saman reynsluna af þessu ástandi til að nýta til framtíðar. Hvað reyndist nemendum, foreldrum og starfsfólki vel og hvað horfir til framfara í skólustarfinu. Þessi Covid tími er ekki búinn og það mun koma önnur farsótt eftir þessa.

Þegar allt kemur saman þá er ekki ofmælt að segja að samvinna og samstarf skólafólksins við foreldra er mikilvægasti lykillinn að farsælli skólagöngu barnanna. Á öllum tímum getur öflugt samstarf og samstaða skipt sköpum.

Grundaskóli er einn fjölmennasti og öflugasti grunnskóli landsins. Mikil fjölgun hefur orðið í skólanum á örfáum árum og því fylgja vaxtaverkir. Í okkar hópi er á móti mikill fjölbreytileiki og sú staðreynd er jafnframt einn af styrkleikum starfsins. Hér í Grundaskóla er pláss fyrir alla og við viljum taka vel á móti nýju fólki. Við látum þrengsli ekki hindra okkur í að halda úti fjölbreyttu og skapandi starfi.

Nýtt tölublað Púlsins sýnir betur en margt annað að í skólustarfinu er fölginn mikill auður. Hér í Grundaskóla er ríkjandi samstaða um að sækja fram af metnaði og standa fyrir grunngildi menntunar. Á næstu misserum munu mörg ný og spennandi verkefni líta dagsins ljós. Í því sambandi má nefna þróun og uppbyggingu á nýju samskiptakerfi milli heimilis og skóla. Samskiptakerfi sem mun slá nýjan tón og gefa skólasamfélaginu öllu tækifæri til að gera betur og nýta nýja tækni til að skapa betra samstarf.

Það að taka upp og þróa nýtt samskiptakerfi er risa þróunarverkefni sem krefst mikils af öllum sem að því koma. Við ætlum að nýta þetta verkefni sem lærdómsferli og reyna saman að þróa eitthvað nýtt og betra.

Kæru vinir!

Höldum áfram að byggja upp öflugt skólustarfi og stefnum ávallt á að gera betur. Höldum herra og lengra. Verum stolt af skólanum, Grundaskóli er okkar skóli.

Með skólakveðju,
Sigurður Arnar Sigurðsson,
skólustjóri.

PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Sigurður Arnar Sigurðsson



Grundaskóli

Akranesi

Heimasíða Grundaskóla:

www.grundaskoli.is

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@grundaskoli.is

ZZ-SÚP

Líf og fjör í 1. bekk

Það er alltaf líf og fjör í 1. bekk og í vetur höfum við lært mikið og gert mörg skemmtileg verkefni. Okkur langar til þess að segja frá tveimur þeirra.

Við upphaf skólans ákváðum við að halda hátíð á hundradasta degi skólans. Strax á fyrsta degi skólans var búið að hengja upp hundrad töflu plakati. Á hverjum degi var merkt við. Þegar við loksins merktum við hundradasta daginn var slegið til veislu. Þetta okkar tók að sér það verkefni að baka fyrir okkur köku. Börnin klipptu út og lituðu 100 daga gleraugu og gerðu fjölbreytt verkefni með tölunni 100. Síðan fengu þau að

1. bekkur

bragða á kökunum og allir voru alsælir með daginn.

Annað skemmtilegt verkefni sem við unnum með var tröllaverkefni. Lesin var sagan Ástarsaga úr fjöllunum. Í framhaldinu var unnið með mörg fjölbreytt verkefni. Síðan var ákveðið að börnin myndu búa sér til sitt tröll, gáfu því nafn og skrifuðu

um það. Tröllin voru síðan hengd upp á vegg þar sem búið var að gera Tröllaland.



Öðruvísi vordagar

Vordagarnir í Grundaskóla þetta skólaárið voru með öhefðbundnu sniði. Í stað þess að 1.-3. bekkur blandaðist saman var allur árgangurinn saman þessa daga. Þetta var gert vegna Covid-19. Teymið sem hafði kennt saman og haldið utan um heimakennslu í samkomubanninu



á tímum Kórónuveirunnar sá um að skipuleggja dagskrá fyrir árgang 2012. Vordagarnir voru fjórir

2. bekkur

dagur. Á þeim var margt brallað. Farið var út í styttri ferðir alla dagana, m.a. var farið á Langasand og í Garðalund. Settar voru upp hjólabrautir á skólalóðinni með allskyns þrautum og viðgerðar- og þvottastöð, allir í 2. bekk hjóla inn í sumarið á hreinum hjólum. Líka var boðið upp á spil og sprell, heimilisfræði, útileiki, dúkkó, bíló og Smiðju. Allir fengu eitthvað við sitt hæfi. Ekki skemmdi fyrir hvað veðrið var milt og gott alla dagana. Hefð hefur myndast að á hverjum vetri eru haldnar tvær afmælishátíðir yfir veturinn. Þá skiptast börnin á að koma með veitingar eftir því hvenær í árinu þau eiga afmæli. Hluti úr einum vordegi var nýttur í slíka afmælishátíð. Þá fengu allir að mæta með dót í skólann og að vera í búning eða í náttfötum.

Krakkarnir í öðrum bekk þakka fyrir skemmtilegan en jafnframt skrýttinn vetur. Assint asperh en



Akranesþema

Ívetur hefur 3. bekkur verið að læra um bæinn sinn - Akranes. Krakkarnir hafa lært um sögulega staði í bænum eins og um fyrsta vitann á Skaganum, Bíóhöllina og kirkjuna svo eitthvað sé nefnt. Þau hafa einnig lært um náttúruna á svæðinu, fjörur, dýralíf og gróður.

Einnig var fjallað um lista-verkin í bænum og gömlu húsin á Byggðasafninu, Elínarhöfða Akrafjallið og allar sögurnar sem því tengjast. Bresabræður og landnámið komvið sögu og af hverju höldum við Írska daga á Skaganum.

Krakkarnir hafa verið áhugasamir og unnið sín verk vel.

3. bekkur



Plánetur og geimverur í 4.bekk

Við í 4. bekk höfum lært margt skemmtilegt í vetur. Okkar aðsetur er úti í Eyju og höfum við húsnaðið þar alveg út af fyrir okkur. Það hefur verið gaman fyrir árganginn að vera þar því við höfum blandast vel, farið á milli hópa og og unnið margvísleg verkefni saman.

Eitt af verkefnum okkar á haustönn var þema um himingeiminn. Í þemanu samþættum við náttúrufræði, íslensku og sköpun. Við unnum bók um himingeiminn þar sem m.a. hverri reiki stjörnu voru gerð góð skil. Fljótlega var ákveðið að halda sýningu og því var hafist handa, ýmist á bekkjarvís eða í blöndudum hópum. Kennarar lögðu inn fróðleik sem börnin voru dugleg að meðtaka, t.d. um stjörnuhimininn, sólkerfið, tunglið, geimferðir og jafnvel geimverur.




4. bekkur

Samhliða þeirri vinnu gátu allir valið sér viðfangsefni innan himingeimsins og útfært það á sinn hátt. Það var mikið skrifað, lesið, vafráð um netheima, sungið um plánetur, málað, klippt og framleitt.

Á rétt rúmri viku breyttist Eyjan í sýningarsal og það má með sanni segja að allir voru áhugasamir og lögðu sitt að mörkum við að sýningin yrði eins glæsileg og úr varð.

Þegar Malawímarkaðurinn var haldinn í lok nóvember opnaði sýningin fyrir foreldra og aðra gesti. Ekki var að heyra annað en að gestir hafi verið ánægðir með það sem þeir sáu. Þökkum við öllum fyrir komuna! Medfylgjandi myndir tala sínu máli.

*Bestu kveðjur
Árgangur 2010*




Frásagnir

5. bekkur

Jóhann Máni Ástþórsson

Mér fannst þetta skrytinn tími. Bekkjunum okkar var skipt í fjóra hópa. Ég var í strákahóp. Við vorum þriðja hvern dag í skólanum fyrir páska en eftir páska þá mættum við í skólann á hverjum degi í 3 klst. Við fengum styttri frímínútur en venjulega. Við þurftum að gera fullt af heimaverkefnum og mörg af þeim voru þannig að við áttum að hjálpa til heima eins og að taka til í herberginu okkar og þrifa það. Síðan sendi ég heimilisfræðikennaranum mynd af herberginu mínu inn á Teams. Ég var mjög duglegur að hjálpa mömmu að búa um rúmin okkar og baka. Ég fór líka í fjallgöngu með fjölskyldunni minni.



Tinna Björg Jónsdóttir

Á þessu tímabili þurfti að breyta skólanum og það byrjaði þannig að við vorum þriðja hvern dag í skólanum svo það var mikið heimanám. Við máttum ekki hitta ættingja eins og ömmu og afa. Mér fannst þetta svolítið skrytið. Það voru engar æfingar í fimleikunum og það var ekki hægt að fara í sund. Ég nýtti þennan tíma sem við vorum heima í að vera á trampólíninu og leika við nokkra vini og baka. Eftir páskafríð var skóli í 3 klst. á dag og þá gat ég hitt fleiri krakka. Við gerðum líka mjög mikið af óhefðbundnu heimanámi eins og að taka til í herberginu mínu og ryksuga. Mér fannst þessi tími öðruvísi en venjulega en samt allt í lagi.



Samúel Örn Ólafsson

Þegar ég var heima þá var ég oftast að teikna og leika við vini. Ég var líka mjög oft úti á rafmagnshlaupahjólum. Mér fannst bara fint að vera í skólanum í þrjá klukkutíma á dag en samt finnst mér best að vera í skólanum á venjulegum tíma. Reglurnar voru ekki eins og venjulega í skólanum.



Kennararnir stjórnuðu því hvernær við komum inn og við fórum út úr skólanum og við þurftum oft að þvo okkur um hendurnar. Mér gekk vel í heimanáminu og var duglegur að leika við vini mína og svo horfði ég á myndir á Netflix. Ég fékk að hitta ömmu mína og afa á afmælinu mínu. Ég lærði mjög mikið um landnám Íslands og svo var ég duglegur að lesa. Ég er orðinn miklu fljótari að lesa en áður. Ég hjólaði alltaf í skólann og mér leið vel í skólanum alla dagana.

Margrét Andreudóttir/ Magnúsdóttir

Þegar það kom tilkynning um breytt skólalald þá var ég svolítið spennt fyrir því. Þegar ég kom í skólann fyrsta daginn í covid tímanum var það bara ágætt, þetta var vel skipulagt með töluverðu heimanámi sem var skemmtilegt. Okkur var skipt í hópa. Fyrsti hópurinn sem ég var sett í var blandaður hópur af strákum og stelpum. Í hópi tvö var ég bara með stelpum en í þriðja og síðasta hópnum mín-



um var það næstum allur bekkurinn minn. Það vantaði að visu 5 bekkjarfélaga en þá voru kennararnir okkar farnir að reyna að koma bekkjunum sínum saman í upprunalega bekki. Fjöldatakmarkanir voru þess valdandi að við gátum ekki verið saman allur bekkurinn því það máttu ekki vera fleiri en 20 í hóp. Ég fylgdist mikið með fréttum og fannst sorglegt að heyra hve margir hefðu dáðið af völdum Kórónu veirunnar. Stundum var ég hrædd við að smitast, en ég var samt viss um að ég myndi ekki gera það. Ég lék mér mikið utan skóla við þrjár vinkonur mínar en við máttum ekki blandast mikið við aðra hópa.

Karína Mazurovic

Mér gekk vel að læra heima með aðstoð mömmu og pabba á meðan skólatíminn var skertur út af veirunni. En Covid 19 var mjög leiðinlegt, við máttum lítið vera úti og ekki ferðast til útlanda. Þegar ekki var skóli þá var ég að reyna að vinna heimavinnuna, horfa á myndir í sjónvarpinu eða leika við systur mína.



Þegar var skóli þá mátti ég leika við vinkonur mínar og líka fara út að leika mér. Ég fékk stundum að fara með mömmu og pabba út í búð sem var gaman. Ég saknaði skólans mjög mikið því þar er skemmtilegt. Páskafríð var ekki skemmtilegt því við máttum ekki ferðast neitt. Þetta var langur tími því skólinn breyttist frá 16. mars eða í þrjár vikur fyrir páska og síðan var skertur skóli í tvær vikur eftir páska en þennan tíma var heimaskóli. Ég var mjög ánægð þegar skólinn hófst aftur og ég gat hitt alla vini mína.

Fréttir af 6. bekk

Í vetur höfum við í 6. bekk fengið við margvísleg verkefni. Við höfum verið dugleg að blanda árganginum, haft markvissar heimsóknir á milli bekkja og verið í blönduðum hópum. Einnig vorum við í samstarfi með 7. bekk í tengslum við Evrópu. Það var okkur því auðvelt að stokka upp árganginum í blandaða hópa þann tíma sem fjöldatakmarkanir voru í skólunum. Á tímabili máttum við aðeins mæta tvo daga í viku í skólann en unnum þess á milli verkefni heima við, ýmist hefðbundin eða óhefðbundin. Við



6. bekkur

fengum til dæmis verkefni sem tengdust hreyfingu, bakstri og samveru með fjölskyldunni sem var mjög gaman.

Eitt af stærri verkefnum vetrarins var verkefni um Snorra Sturluson og er hefð fyrir því að enda það verkefni á námsferð í Reykholt þar sem hann bjó. Tvisýnt var um hvort farið yrði í ferðina vegna þess ástands sem Kórónufaraldurinn olli. Sem betur fer fengum við að fara í ferðina sem í alla staði gekk mjög vel. Þegar við komum í Reykholt borðuðum við nesti og tók séra Geir Waage á móti hópnum. Við byrjuðum á að fara inn í kirkjuna þar sem við fengum fræðslu um hvernig það var að vera uppi á þessum ófríðartímum. Einnig lærðum við um mismunandi réttindi sem fólk hafði og muninn á hvaða skyldum konur og karlar gegndu. Við fengum leiðsögn um svæðið og Geir sýndi okkur meðal annars staðinn þar sem Snorri var veginn og hvar virkisveggurinn sem hann notaði til að verjast óvinunum umhverf-



is húsakynni hans var. Að lokum skoðuðum við Snorralaug og fengum við að fara inn í undirgöngin sem lágu inn í húsakynni Snorra.

Á heimleiðinni stoppuðum við í Ölver, borðuðum hádegisnesti og lékum okkur smá stund. Þetta var mjög skemmtileg ferð. Við erum flottur hópur og erum ánægð með vinnu vetrarins.

Kær kveðja, árgangur 2008.



7. bekkur með augum nemenda

Skólasetning Grundaskóla var 21. ágúst og eftir það byrjaði skólinn hjá okkur. Mánudí seinnar fórum við í samræmdu prófin og það gekk mjög vel hjá flestum. Við fórum síðan í bókalestrarkeppni miðstígs. Lestrarkeppnin virkar þannig að það er listi með bókum sem við áttum að lesa. Dregið er í keppninni hverjir mæta hverjum. Þetta er útsláttarkeppni. Það eru 3 úr hverjum bekk sem komast í liðið og getur bekkurinn hjálpað til líka. Þeir sem unnu keppnina í ár voru 7.IHÓ. Sprautur eru fastur liður í 7. bekk og fengu stelpurnar tvær og strákarinn eina. Við sáum um söluna á Malavímarkaðnum og safnaðist 796.824 kr. fyrir börn í Malaví, frábært hjá okkur.

Í desember var kaffistofukeppni skólans. Við á miðstiginu skreyttum kaffistofuna okkar eins og dótabúð úr myndinni Mr. Magoorium's Wonder Emporium. Það er alltaf ótrúlega góð stemning í skólanum þegar kaffistofukeppnin er. Við lékum líka í jólasveinaleikritinu sem hét Bærinn okkar. Það fjallaði um að reyna að halda bænum hreinum. Þetta var mjög skemmtilegt leikrit, það gekk mjög vel og tóku flestir þátt. Eftir litlu jólin fórum við í jólafrí.

7. bekkur

Skólinn byrjaði aftur eftir jólafrí, 6. janúar. Þá byrjuðum við að æfa fyrir Upplestrarkeppnina sem var haldin í lok febrúar. Fyrst var keppt inni í bekkjunum og þar komust sex nemendur úr hverjum bekk áfram og þau kepptu svo inni í sal. Inn í sal horfði sjötti bekkur og restin af sjöunda bekk á okkur lesa. Sex af keppendunum komust áfram í úrslit og kepptu í Tónbergi með sex nemendum úr Brekkubæjarskóla. Fura Claxton var valin upplesari Grundaskóla og Anna Valgerður upplesari Brekkubæjarskóla. Stuttu seinna kom samkomubann á Íslandi vegna Covid-19. Þá þurftum við að vera í heimaskóla og fórum í skólann einu til tvisvar sinnum í viku.



Reykjaskólaferðin féll niður vegna Covid-19 og sömuleiðis fengum við ekki heimsókn frá nemendum í Lilleskolen í Danmörku.

Fyrir hönd 7. bekkjar: Guðjón, Magnús, Kolfinna og Álfrinn.



Síðan kom Covid og allt breyttist

Krakkarnir komu flottir inn í 8. bekk í haust. Mjög flottur hópur af krökkum sem voru tilbúnir til að takast á við unglíngadeildina. Þetta er alltaf dálítið stórt skref í lífinu að verða formlega unglíngur og mikil spenna sem fylgir því enda heilmiklar breytingar sem eiga sér stað.

Þetta er veturinn sem allt er að gerast. Miklar breytingar á námi þar sem unglíngadeildin hefur tek-ið upp nýjar aðferðir sem ganga aðallega út á verkefnaamiðað nám og samþættingu námsgreina,



einnig verður námið líka meira og dálítið erfiðara þar sem haldið er áfram að byggja undirstöðurnar fyrir framtíðina, og getur það verið áskorun fyrir marga. Í unglíngadeildinni opnast fyrir meira félagslíf, Arnardalur, skólaböll og að kynnast krökkunum í 9. og 10.



8. bekkur



bekk, allt mjög spennandi. Áttundi bekkur er líka árið sem flestir ætla að fermast og byrja strax í upphafi vetrar að undirbúa það.

Skólalífið gekk vel fram að jólum, mörg lærdómsrík og mörg flott verkefni unnin.



En síðan kom covid, allt breyttist. Skólinn færði sig heim og í tölvu. Enginn mátti hittast nema með tveggja metra fjarlægð og enginn mátti snertast, öllum fermingum frestað fram á haust, mikil vonbrigði. Allur heimurinn breyttist og verður þetta ár örugglega skráð í sögubækur og krakkarnir eiga eftir að segja börnum sínum og barnabörnum sögu af faraldrinum árið 2020.



Um miðjan maí fór lífið örlítið að færast í rétt horf og við máttum aftur mæta í skólann og héldum við áfram þar sem frá var horfið varðandi verkefnavinnum.

Krakkarnir unnu t.d. verkefni tengd áhugasviði sínu og héldu sýningu inni á sal þar sem þau kynntu lokaafurðina. Því miður mátti ekki bjóða foreldrum á sýninguna vegna fjöldatakmárkanna sem fylgja covid, en verkefni voru frábær hjá krökkunum og sýningin glæsileg þar sem fjölbreytni verkefna var mikil.

Við kveðjum þennan vetur bæði með söknuði en líka gleði því hann var fyrir margar sakir erfiður fyrir marga, veður var mjög vont stóran hluta af vetrinum og síðan Covid faraldurinn sem kom illa niður á mörgum fjölskyldum en krakkarnir voru frábærir og stóðu sig ótrúlega vel í þessu öllu.





Bækur í kennslu

Ívetur höfum við í 9. bekk unnið margvísleg verkefni og hafa þar ýmsar bækur skipað stóran sess. Fyrir áramót lásu við bækurnar Skrímslið kemur eftir Patrick Ness og Gunnlaugs sögu Ormstungu. Strax eftir áramótin fórum við í verkefni tengt Síðari heimsstyrjöldinni og lásu samhlíða því bókina Strákurinn í röndóttu náttfötunum eftir John Boyne. Í Covid ástandinu hlustuðum við á bókina Úr myrkrinu eftir Ragnheiði Gestsdóttur.

Verkefnin hafa verið fjölbreytt og úrvinnsla með ýmsu móti en megin markmiðið var að efla læsi og lestraráhuga nemenda. Bækurnar sem urðu fyrir valinu taka á ýmsum samfélagslegum málefnum sem snerta okkur öll eins og t.d. ólíka félagslega stöðu út frá kyni, uppruna o.fl., einelti, sorg, grimmd, útskúfun, gleði, líf og dauða.

Bækurnar féllu í góðan jarðveg hjá nemendum og gáfu þeim inn-sýn inn í ólíka kima mannlífsins.

9. bekkur



Kveðja frá 10. bekk

Nú skiljast leiðir og nýr kafli tekur við í lífi okkar. Á þessum 10 árum eru enda- lausar minningar búnar að skapast sem vonandi munu lifa lengi.

Við mættum gríðarlega spennt, tannlaus og með allt of stórar töskur á bakinu í 1. bekk árið 2010 þar sem Margrét Rós Jósefsdóttir, Elín Björk Davíðsdóttir og Árdís Dögg Orradóttir tóku á móti okkur.

Í öðrum bekk gerðum við skemmtilegt verkefni sem var sjálf stóra bókin, við unnum í henni allan veturinn og lærðum um mannslíkamann.

Í þriðja bekk kom Ingibjörg Harpa í stað Árdísar og stóð hún sig með sóma. Við vorum á fullu að vinna í verkefnum og undirbúa okkur fyrir samræmd próf næsta árs.

4. bekkur var virkilega skemmtilegur. Við lærðum um allar pláneturnar í fróðlegu verkefni sem okkur var lagt fyrir hendur. Sumir voru orðnir vel stressaðir þegar líða fór að samræmdu prófunum en aðrir voru bara rólegir. Það gekk allt vel í prófunum og fengum við mis góðar einkunnir eins og alltaf. Svo má ekki gleyma ferðinni til Reykjavíkur þar sem við fórum í heimsókn í Alþingishúsið og enduðum ferðina á því að fara á skauta í Egilshöll.

Það að fara í 5. bekk var risaskref fyrir okkur, við vorum sko engin börn lengur heldur að



verða unglingar. Kennararnir sem höfðu fylgt okkur allt yngsta stigið nenntu ekki að taka þátt í gelgju-skeiðinu með okkur og ákveðið var að skipta bara öllum út fyrir þessi komandi ár. Íris Aðalsteinsdóttir kom í stað Elínar, Hrafnhildur Jónsdóttir í stað Ingibjargar Hörpu og Christel í stað Margrétar Rósar. Við fræddumst um landnámsstíma Íslands og bjuggum til víkingabók sem var virkilega skemmtilegt og spennandi verkefni.

Í 6. bekk gerðist frekar lítið hjá okkur. Við lærðum um Snorra Sturluson og kíktum á heimabæ hans í fjörugri ferð í Reykholt.

6. bekkur var mjög skemmtilegt skólaár og var margt skemmtilegt um að vera. Við fengum einn nýjan kennara í árganginn, hann Einar Viðars kom í stað Christelar. Við fórum í mjög skemmtilega ferð sem allir voru búnir að bíða

spenntir eftir og það er auðvitað Reykjaskóla -ferðin. Við vorum með Síðuskóla á Akureyri og fengum tækifæri til að kynnst krökkum þaðan.

Í Reykjaskóla var ýmislegt brallað og eftirminnilegt er þegar Einar Viðars fór í körfubolta með strákunum og auðvitað þrautirnar í íþróttasalnum. Sumir kynntust ástinni . . . en aðrir tóku því bara rólega í þeim málum.

Við unnum bókina óskaveröldin sem er samansett af verkefnum sem við höfðum unnið um veturinn. Í lok skólaársins fengum við krakka frá Danmörku í heimsókn og gistu þeir í heimahúsum. Við fórum með Danina í sund, fjallgöngu og ferð í Deildartunguhver og Barnafossa.

Í 8. bekk fengum við annan kennara hana Laufeyju Karlsdóttur sem kom í stað Hrafnhildar



Jónsdóttur. Það var mjög spennandi að vera komin á unglingsgæðið. Við mættum á fyrstu böllin okkar og loksins fengum við að mæta í Arnardal. Í áttunda bekk lærðum við um Hrafnkels sögu og lásum bókina Undur og gerðum verkefni upp úr henni. Einnig fengum við tækifæri til að taka þátt í frábæru verkefni sem var söngleikurinn Smellur sem var mjög krefjandi en ótrúlega gefandi og skemmtilegt verkefni.

Í níunda bekk fengum við nýjan kennara hana Hjördísi Dögg Grímarsdóttur sem kom í stað Írisar Aðalsteinsdóttur. Við lærðum um Seinni heimsstyrjöldina og lás- um bókina Strákurinn í röndóttu náttfötunum. Við fórum líka í seinustu samræmduprófin okkar og voru allir ánægðir með að vera búinir með þau.

Unnar komr á miðju skólaár- inu og tók við af henni Laufeyju.

Síðasta skólaárið okkar hér í Grundaskóla var mjög skemmti- legtt og öðruvísi. Nú vorum við loksins orðin elst og reyndum að vera góðar fyrirmyndir fyrir yngri krakkana. En svo kom Covid og allt breyttist. Skólastar- ið færðist heim og við vorum allt í einu mætt á Teams bekkjarfundi á náttfötunum. Okkur fannst það ekkert slæmt og ég held að við höfum bara lært heilmikið af því að bera meiri ábyrgð á náminu okkar. Covid kenndi okkur líka að okkur þótti mjög vænt um að vera með samnemendum okkar og það var svolítið erfitt að þurfa



að halda 2ja metra regluna þegar við mættum í skólann. En það var allavega mjög gott að komast aftur í skólann og fá að vera með vinum sínum.

Vegna Covid þurftum við að breyta ferðaáætlun vegna loka- ferðarinnar en samkvæmt hefð síðustu margra ára áttum við að fara í Þórsmörk.

Lokaferðin var því öðruvísi þetta árið og nýr áfangastaður varð fyrir valinu. Við höldum af stað í gríðarlega skemmtilega ferð upp í Húsafell. Þar gistum við á hóteli- nu og var það mjög þægilegt og mikil upplifun. Klósettappirinn var meira að segja brotinn upp og sumir fengu geggjada hvíta sloppa og inniskó. Við stoppuðum í Deildartunguhver og við Barna- fossa í þriðja eða fjórða skipti á okkar skólagöngu.

Það var frekar lítil dagská en við fórum meðal annars í hressandi gönguferð þar sem 50 manns hófu göngu en á leiðinni þynntist hópurinn út og að lokum voru heilir 8 eftir því einhverra hluta vegna snéru flestir við og fóru aftur í lúxusinn upp á hótél.

Við höldum kvöldvöku þar sem við sungum og fórum í skemmti- legan spurningaleik. Annars var þetta allt saman frekar frjálst, sumir fóru í sund eða í körfubolta á meðan aðrir voru uppi á hótélher- bergi í rólegheitunum.

Það er líka gaman að segja frá því, sérstaklega í ljósi þess að ekki er hægt að reka okkur úr skólan- um úr þessu, að í lokaferðinni stalst hér um bil helmingurinn af árganginum út um gluggana klukkan 3 um nótt. Þá lá leiðin

upp á tjaldsvæði og voru strákar- nir búinir að kaupa egg og skipu- leggja mjög skemmtilegan leik með þeim. Á þessum tíma áttum við auðvitað að vera inni í her- bergjunum sofandi eða í rólegheit- um en sem betur fer voru glugg- arnir það stórir að við gátum farið og verið aðeins lengur úti. Síðan fóru flestir saman í hópum upp á hótélherbergi að gista saman eða vaka lengur. Gott að létta þessu af samviskunni svona í blálokin.

Við erum búin að skapa marg- ar minningar á okkar skólagöngu sem við munum aldrei gleyma. Þetta eru búin að vera yndisleg ár og við erum geggjadur árgangur. Við munum öll muna eftir þess- ari veislu sem það hefur verið að ganga í þennan skóla.

Við viljum fyrir hönd árgangs- ins þakka öllum sem hafa komið að okkur þessi 10 ár og hjálpað okkur að gera þessa skólagöngu svona góða. Takk starfsfólk Grundaskóla.

Takk fyrir okkur.




750 þátttakendur í páskabingóí Grundskóla

Síðasta daginn fyrir páskafrí nýttum við okkur tæknina og höldum páskabingó fyrir nemendur skólans í beinni útsendingu frá útvarpsstöð Grundskóla. Sigurður Arnar og Flosi stjórnðu bingóinu og þátttakendur hringdu inn í beina útsendingu ef þeir fengu bingó. Þetta var mjög vel heppnað og 24 heppnir nemendur unnu páskaegg.

Þetta var hlaðið mikilli spennu því þeir sem voru fyrstir til að hringja, hreptu vinninginn.



Feringar 2020



Nökkvi Snorrason.

Nú ætlar þú að fermast borgaralega. Hvernig hefur undirbúningurinn farið fram hjá þér? Bara vel.

Var allt tilbúið og hvernig ætluðuð þið að hafa daginn?

Það var ekki allt tilbúið en við vorum búin að kaupa skraut og gera kransaköku.

Hvenær áttir þú að fermast? 26. apríl.

Er kominn nýr fermingardagur fyrir þig?

Já, 22 ágúst.

Af hverju ákváðst þú að fermast?

Mig hefur alltaf langað að prófa það.

Nú hefur öllum fermingum verið frestað þar til í haust, hvað finnst þér um það?

Leiðinlegt, en samt gott að það séu ekki allir að kyssast og knúsast í miðjum veirufaraldri.

Hvernig líður þér með það að þurfa að biða með að fermast frá á haustið?

Bara vel

Er einhvað sem þú vilt segja að lokum um fermingar og fermingarundirbúning?

Nei takk.

Finlandsferð yngsta stigs

Dagana 13.-17.febrúar fór rúmlega 20 manna starfs- hópur af yngsta stigi í námsferð til Helsinki í Finnlandi. Eitt af markmiðum ferðarinnar var að kynna hinu margrómaða skólakerfi Finna þar sem góður árangur finnskra nemenda í könnunum hefur vakið athygli víða um heim. Heimsóttir voru tveir skólar Lagstad skola og Opnmaki School sem voru mjög ólíkir.

Í báðum skólum voru móttökur mjög góðar og komum við til baka með fullt af flottum hugmyndum sem við stefnum á að innleiða hjá okkur.



Hvað er Grundasel?

Það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með.... segir í skemmtilegu barnalagi. Það má með sanni segja að þessi setning eigi vel við um starfsemi Grundasels sem er fristundarheimili fyrir börn í 1. og 2. bekk í Grundaskóla. Í Grundaseli er lögð áhersla á lýðræði, félagsfærni og frjálsan leik.

Lýðræði

Við búum svo vel að taka á mótum börnunum í þeirra bekkjarstofum, þannig náum við að halda bekkjarfundum þar sem börnin fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri, t.d. með því að svara spurningum um hvað þau vilji



gera í fristund, hvaða dót þau vilji sjá í fristundinni og hvaða leiðarljós þau vilji fara eftir í samskiptum við hvort annað. Þessi vinna er alltaf ótrúlega skemmtileg og leiðir af sér marga skemmtilega dagskráliði þar má til dæmis nefna, legomeistarinn, hæfileikasýning, smakk smakk, fönður og margt annað skemmtilegt.

Frjáls leikur

Í hverjum mánuði kemur ný dagskrá þar sem margir skemmtilegir dagskráliðir eru í boði í bland við frjálsan leik. Frjáls leikur milli barna er einn veigamesti þátturinn í þjálfun á hinum ýmsu færniþáttum sem börn þurfa að tileinka sér til að standa vel að velli sem góður þjóðfélagsþegn. Þetta er færni sem ekki er hægt að kenna í gegnum námsbækur. Í gegnum leik æfa þau sig í hinum ýmsu hlutverkum, þau skiptast á, þau læra að gefa eftir, læra að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hvernig á að vera hluti af heild.

Félagsfærni

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn er fræg setning sem ég ætla að vitna í þar sem hún á



Hrekkjavakan gleður

Það má margt segja um hina og þessa hátíðsdaga sem við höfum tekið upp hér á Íslandi frá öðrum löndum, Hrekkjavakan er einn af þeim og það má með sanni segja að við leggjum okkur 100% fram við að gera daginn eins flottan og hægt er. Grundaseli hefur verið virkur þátttakandi í þessum degi, börnin byrja að búa til skreytingar og aðrar drungalegar verur um 2 vikum fyrir hátíðarhöldin, það magnast því upp spenna frá degi til dags.

alltaf svo vel við. Í Grundaseli starfar fjölbreytt starfsfólk sem leggur metnað í að gera eins vel og hægt er þegar kemur að því taka þátt í uppeldi barna. Unnið er að bættri félagsfærni barna í gegnum reynsluna, þar sem fólk grípur inni þegar þarf, án þess að stjórna, t.d. þegar hallar á eitt barn í leik, þá þarf að varpa fram spurningum á hin börnin til þess að þau átti sig á stöðunni. Eða þegar allir vilja fara í fótbolta nema einn og hann fer í fylu – eru það bestu viðbrögðin? Það er mikilvægt að fylgjast með, leiðbeina og grípa inni án þess að stýra börnunum um og of því nám fer best fram í gegnum reynslu – börnin þurfa að eiga þá reynslu.

Edda Ósk Einarsdóttir



Starfsmenn nýta síðan þann efnivið til að gera skólann glæsilegan fyrir hátíðarhöldin. Börnin mæta síðan í búningum, þau fara á hrekkjavökuball og prófa ef þau þora að leysa hinar ýmsu ógeðsprautir.

Þetta eru dagar sem börnin muna eftir það sem eftir er, við leggjum því kapp í að gera eins vel og hægt er. Hlátur, gleði og vinátta í bland við skuggaverur – hver gleymir því?





Farkennari í Grundaskóla

Við í Grundaskóla vorum svo heppin að fá til okkar danskan farkennara þetta skólaárið. Britta Junge kom til okkar á áramótum og var með



Fermingar 2020

Viðar Sigbórsson

Hæ ég heiti Viðar og ég ætla að tala um ferminguna mína.

Undirbúningurinn hjá okkur gekk vel og nokkurn veginn allt að verða klárt. En við ákváðum að bíða með að kaupa fermingarfötin þegar þetta byrjaði allt.

Sko, allt var tilbúið, veislun átti að vera í safnaðarheimilinu og við vorum búin að ákveða matinn, panta köku og ég bakaði sjálfur kransakökuna á námskeiðinu hjá Katrínu Leifs. Plan- ið var að þegar það var bú- ið að ferma mig gat ég farið bara beint yfir í safnaðarheimilið sem er beint á móti kirkjunni til að halda veisluna.

Ég átti að fermast 29. mars og er nýi dagurinn þá 13. september en við erum enn að hugsa hvort við breytum eða ekki útaf því að frænka mín sem á heima í Noregi fékk líka nýjan fermingardag og í staðinn fyrir að hún og öll fjölskyldan hennar komi til Íslands í ferminguna mína þá erum við að fermast sömu helgi þannig að við þurfum eitthvað að skoða þetta núna.

Ég ákvað að fermast því allir í fjölskyldunni minni eru kristni- trúar og ég vil það líka



Ég er dálítið svekktur en það er ekkert sem ég get gert.

Það er mjög leiðinleg en það er samt bara nauðsynlegt útaf því sem er að gerast núna

Já það breytir miklu. Við erum að reyna að ákveða hvort við höldum litla veislu heima og förum svo til Noregs í ferminguna til frænku minnar og höldum smá veislu þar með henni og fólkinu okkar þar eða eina stóra heima. En þetta á allt eftir að koma í ljós.


Það er ekki mikið sem hægt er að segja, það er eitt fyndið. Ég er einmitt að skrifa þetta 29. mars, einmitt þegar á að vera að ferma mig.

En takk fyrir mig.

Kv. Viðar

okkur út maí. Markmiðið með komu hennar var að efla dönskukennslu í skólanum. Britta er ánægð með nemendur og starfsfólk skólans og hrósar samstarfinu. Hún er jákvæð og leggur sig fram um að læra íslensku og í kennslustundum blandi þau saman íslensku og dönsku. Hún segir að íslenskan hennar vekti oft mikla kátínu en nemendur eru duglegir að hrósa henni og segja að íslenskan hennar sé alltaf að verða betri og betri. Britta er einnig ánægð með framfarir nemenda, þeim fer stöðugt fram í dönskunni.

Britta var ánægð með dvöl sína á Akranesi og upplifði sig eins og hún væri heima.



Atvinnumaður í heimsókn

Í byrjun janúar fengu krakkarnir í 6. og 7. bekk frábæra heimsókn frá Arnóri „okkar“ Sigurðssyni landsliðsmanni í knattspyrnu og fyrrum nemanda Grundaskóla. Arnór er atvinnumaður í knattspyrnu og spilar með CSKA Moskvu í Rússlandi þar sem hann býr ásamt unnustu sinni, Rögnu Dís Sveinbjörnsdóttur.

Fyrirlesturinn bar heitið **Hafðu trú á sjálfum þér**. Fyrirlesturinn hitti beint í mark hjá krökkunum og ræddi Arnór m.a. um mikilvægi þess að setja sér markmið, hafa metnað í námi jafnt sem íþróttum, fara út fyrir þægindarammann sinn og vera góð manneskja. Það er frábært þegar fyrrum nemendur gefa sér tíma til að gefa af sér til krakkanna í gamla grunnskólanum sínum.

Takk fyrir okkur Arnór, við erum stolt af þér.



Fermingar 2020



Salka Hrafn Elvarsdóttir

Nú ert þú að fara að fermast. Hvernig hefur undirbúningur fyrir ferminguna verið hjá þér?

Undirbúningurinn fyrir ferminguna mína hefur bara gengið vel.

Var allt tilbúið hjá ykkur þegar ákveðið var að fresta fermingum og hvernig átti fermingardagurinn og veislun að vera?

Það var eiginlega allt tilbúið. Ég ætlaði að halda veisluna á laugardegnum og fermast á sunnudeginum.

Hvenær áttir þú að fermast?

Ég átti að fermast 19. apríl.

Er búin að ákveða nýjan dag?

Nei ég er ekki búin að ákveða nýjan dag en er að pæla í að halda veisluna á sjömannadaginn.

Af hverju ákvaðst þú að fermast?

Því ég trúi á Guð.

Nú hefur öllum fermingum verið frestar þar til í haust, hvað finnst þér um það?

Mér fannst það leiðinlegt því ég var orðin soldið spennt.

Hvernig líður þér með það að þurfa að bíða með að fermast fram á haustið?

Mér fannst það bara mjög leiðinlegt.

Breytir það einhverju í sambandi við veisluhöldin heldur þú?

Ég bara veit það ekki, held ekki.

Er einhvað sem þú vilt segja að lokum um fermingar og fermingarundirbúning?

Nei.

Göngum í skólann

Árlega taka milljónir barna þátt í *Göngum í skólann* verkefninu í yfir fjörtíu löndum víðs vegar um heim.

Bakhjarlar *Göngum í skólann* verkefnisins á Íslandi eru Íþróttasamband Íslands, Samgöngustofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Embætti landlæknis og landssamtökin Heimili og skóli. Október er víða um heim nýttur í þetta verkefni en á Íslandi hefur það verið fært fram í september vegna veðurfars hér á landi.

Markmið verkefnisins er fjölþætt meðal annars hvetur það til aukinnar hreyfingar, stuðlar að auknu heilbrigði og góðum lífsstíl, eykur tilfinningu fyrir nærumhverfinu, dregur úr mengun, dregur úr umferð við skóla, eykur vitund nemenda á nauðsyn umhverfisverndar og vistvænum ferðamáta.

Fyrst var Ísland með árið 2007. Grundaskóli hefur verið með í nokkur ár. Nemendur eru hvattir sérstaklega til að nota virkan ferðamáta í einn mánuð. Unglingarnir í heilsueflingarhópnum hafa

undanfarin ár farið í bekkina og kynnt verkefnið fyrir nemendum, þátttakan er skráð í 3–4 vikur, einu sinni í viku í hverjum bekk án þess að nemendur viti hvaða dagar það eru.

Keppt er milli árganga á hverju stigi um hvaða árgangur vinnur á stiginu. Sá árgangur sem stendur sig best yfir allan skólann hreppir „GULLSKÓINN”. Gullskórinn er farandgripur sem er afhentur við hátíðlega athöfn í Akraneshöllinni eftir að elstu nemendur skólans hafa farið með þeim yngri í ýmsa leiki og þrautir. Einnig hefur Skólahlaupið verið sett á dagskrá í tengslum við úrslitadag „Göngum í skólann” verkefnisins.

Í ár unnu nemendur í öðrum bekk á yngsta stigi, á miðstigi vann sjöundi bekkur og á unglíngastigi vann 8. bekkur. Sjöundi bekkur vann Gullskóinn í ár. Í gegnum árin hefur þátttaka verið góð.

Þess má geta að starfsfólk tekur árlega þátt í keppninni „Hjólað í vinnuna” (verkefni á vegum ÍSÍ). Grundaskóli hefur öll árin verið í verðlaunasæti fyrir góða þátttöku og virkni verið til fyrirmyndar.



Hjólað í vinnuna

Grundaskóli stóð sig mjög vel í keppninni „Hjólað í vinnuna” sem Íþróttasamband Íslands stendur fyrir. Starfsmenn skólans stóðu uppi sem sigurvegarar og er þetta 4. árið í röð sem við sigrum þessa keppni.



Tónlistarvalstónleikar

Fyrir í vetur hélt tónlistarval Grundaskóla tónleika í samstarfi við Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólann á Akranesi. Hugmyndin með þessum tónleikum var að sýna gestum hvað nemendur hafa verið að vinna að í vetur og gefa nemendum tækifæri til að koma fram á tónleikum. Ákveðið var að fá gesti til að koma fram á tónleikunum með okkur eins og gert hefur verið á „Ungum, gömlum“ tónleikum og tókst það einstaklega vel. Gestir okkar að þessu sinni voru þeir Fjallbræður Halldór og Sverrir Bergmann og settu þeir skemmtilegan svip á tónleikana ásamt því að kenna nemendum heilmikið. Þessir tónleikar tókust mjög vel og vonandi verður framhald á þessu starfi.



Keppnin var vel heppnuð og nemendur í grunnskólunum á greinilega margir hæfileikaríkir Akranesi.

Hátónsbarkinn

Fljótlega eftir áramót var haldin hátónsbarkakeppni grunnskólanna og Arnardals á Akranesi. Sú breyting hefur orðið á þessari keppni að nú sér félagsmiðstöðin Arnardalur um allt utanumhald á keppninni en grunnskólarnir finna þáttakendur og hjálpa þeim að gera atriðin klár til flutnings.

Fimm atriði voru skráð til keppni frá Grundaskóla og svipaður fjöldi frá Brekkubæjarskóla. Þátttakan var góð en það vakti eftirtekt að öll atriðin frá Grundaskóla komu úr áttunda bekk. Vel gert hjá þeim en greinilegt að hinir árgangarnir þurfa að taka sig á.

Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir var valin hátónsbarki Grundaskóla og fyrir hönd Brekkubæjarskóla vann Maja Danielsdóttir Schnell. Þær kepptu síðan í söngvakeppni félagsmiðstöðva á Vesturlandi, Samvest og þar vann Ninja og fékk þannig keppnisrétt á Samfés en sú keppni var með breyttu sniði vegna Covid faraldursins. Ninja gerði sér lítið fyrir og vann netkosninguna.



Heilsueflandi Grundaskóli

Grundaskóli hefur verið heilsueflandi grunnskóli síðan árið 2012.

Heilsueflandi grunnskóli er verkefni á vegum Landlæknis-embættisins í dag eru um 60-70 skólar skráðir í þetta verkefni víðsvegar um landið.

Heilsustefna Grundaskóla

Unnið er að heilsueflingu með það að markmiði að tengja saman fræðslu og heilsusamlegt umhverfi með gildi skólans (samvinna, traust, virðing) að leiðarljósi.

Meginmarkmið heilsustefnu Grundaskóla er að efla vitund nemenda, starfsmanna og foreldra um heilbrigðan lífsstíl. Þeir þættir sem leggjast til grundvallar eru andleg, líkamleg og félagsleg líðan.

Vinnuhópur er starfandi í skólunum og í honum eru fulltrúar þetta starfsár.

Kennarar: Áslaug Ragna Áka-dóttir, Katrín Leifsdóttir, Lára Dóra Valdimarsdóttir.

Fulltrúi almennra starfsmann: Heiða Viðarsdóttir.

Nemendur af unglíngastigi: Júlíus Duranona, Sigrún Egla Unnarsdóttir, Victoria Þórey Þórðardóttir, Þórður Freyr Jónsson

Foreldrar: Margrét Þóra Jónsdóttir og Ólöf Helga Jónsdóttir.

Vinnuhópurinn hittist einu sinni í viku og skipuleggur starfið, kennarahluti hópsins mætir alltaf, nemendur/foreldrar koma ekki á hvern fund en mæta annað slagid til skrafs og ráðagerða, nemendur fjalla um þau mál sem þeim finnst þurfa að vinna að. Þeir taka að sér að fara með kynningar út í bekki varðandi ýmis verkefni sem er á vegum vinnuhópsins „Gengið í skólann“ verkefnið og „Hreyfida-gatalið“, gera kannanir og fl.

Á þessu skólaári höfum við unnið að föstum verkefnum, auk þess höfum við boðið upp á hreyfingu fyrir starfsmenn á föstudögum einu sinni á mánuði til dæmis spinning, zumba og fl. Starfsmenn

hafa gefið vinnu sína við kennsluna.

Þetta skólaár er í gangi könnun um virkni nemenda á unglíngastigi í íþróttum.

Búið er að kynna fyrir kennurum að vinnuhópurinn vilji innleiða verkefni sem stuðlar að aukinni skipulagðri hreyfingu í skólastarfinu. Verkefnið ber nafnið „Mílan“ þá hlaupa/ganga nemendur á hverjum degi ca. 1 mílu. Kennarar ráða hvenær dagsins þeir fara með bekkinn sinn í þessa hreyfingu.

Þess má geta að Akraneskaupstaður er nú orðinn heilsueflandi samfélag og styður það okkur enn frekar til góðra verka í Grundaskóla sem og samfélaginu í heild.



Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Á haustönn 2019 vann 7. bekkurinn m.a. í myndmennt með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Nemendur horfðu á myndband frá Sameinuðu þjóðunum um heimsmarkmiðin 17 og sjálfbæra þróun. Í framhaldi fóru umræður í gang um markmiðin og rætt var um hvernig nemendur gætu gert þessi markmið myndrænt sýnileg í formi veggspjalda og þannig aðgengileg fyrir aðra í skólanum, skapað umræður og um leið verið áminning til allra.




Hverjum nemendahópi var skipt í 3-4 manna hóp sem valdi sér markmið til þess að vinna með. Nemendur ræddu saman um ákveðið markmið, teiknuðu/skissuðu upp og skrifuðu hugmyndir, ákváðu síðan í sameiningu útfærslu á veggspjaldinu sínu og skiptu með sér verkum. Myndir-

nar voru síðan hengdar upp til sýnis í alrými skólans.

Í allri umræðu og vinnu við veggspjaldagerðina komu margar vangaveltur, áhyggjur og mörg tækifæri varðandi ýmis mannréttindamál í ljós en vangaveltur og áhyggjur varðandi loftslagsmálin og náttúruna/umhverfið nemendum ofarlega í huga sem sást á úrvinnslu veggspjaldanna.

Heimsmarkmiðin eru okkar mál

Við í Grundaskóla erum í markvissri vinnu með umhverfismálin og nálgumst verkefnið út frá því markmiði að skoða hvað getum við sjálf gert til að stuðla að bjartari framtíð. Unnið er með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þau tengd öðrum minni markmiðum s.s. um heilsueflandi samfélag á Akranesi.



Heimsóknir í 10. bekk

Ívetur hafa nemendur í 10. bekk fengið marga góða gesti. Við höfum reynt eftir fremsta megni að fá gesti sem tengjast þeim verkefnum sem við höfum verið að vinna. Þeir hafa gefið nemendum góða innsýn í störf sín og þær námsleiðir sem þeir hafa valið. Einnig fengum við forvarnarfyrirlesara, framhaldsskólakynningar og fyrrum nemendur sem miðluðu reynslu sinni.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona kom í heimsókn til okkar í tengslum við verkefnið Náttúruvá, en þá áttu nemendur að gera fréttaskyringabátt. Sigrún hefur mikla reynslu og þekkingu í að skrifa sjónvarpsefni og gaf hún krökkunum góða innsýn í sín störf.

Jakob Þór Einarsson starfsmaður VR kom í heimsókn í tengslum við braudsölu verkefnið okkar. Hann talaði við krakkana um réttindi og skyldur þeirra á vinnumarkaði.

Ásbjörn Egilsson verkfræðingur hjá Eflu kom í heimsókn til okkar í tengslum við Framtíðarlands verkefnið okkar. Eitt af því sem nemendur þurftu að gera í því verkefni var að virkja landið.

Ásbjörn hefur komið að hönnun nokkurra virkjanna og m.a. kom hann að hönnun virkjunnar í Sambíu. Hann útskýrði vel fyrir nemendum hvað þarf að hafa í huga þegar ákveðið er hvaða staður er valinn fyrir ýmsa virkjunarkosti.

Við fengum heimsókn frá

Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Þar sem við fengum kynningu um eina af grunnstöðum samfélagsins. Farið var yfir hver væri munurinn á heilsugæslu og sjúkrahúsi og nemendur leiddir í gegnum það hvert þeir eigi að leita þegar þeir þurfa að fá þjónustu frá heilbrigðiskerfinu. Einnig var farið yfir þau störf og þá menntun sem þarf til til að vinna á þessum stofnunum. Þessi heimsókn kom á þeim tíma sem nemendur voru að vinna í Framtíðarlandsverkefninu, þannig að þeir gátu nýtt sér upplýsingar úr þessari heimsókn í sitt verkefni. En eitt af markmiðum verkefnisins var að búa til grunnstöðir Framtíðarlandsins.



Theodór Freyr Hervarsson veðurfræðingur kom til okkar þegar við vorum að vinna verkefni um náttúruvá í Framtíðarlandinu. Hann ræddi við krakkana um nám og störf veðurfræðinga. Einnig talaði hann um hvað væri náttúruvá og hvaða hlutverki veðurstofan hefur að gegna við slíkar aðstæður.

Það hefur verið fast inni í skipu-



lagi 10. bekkjar að fá þá Þorgrím Þráinsson og Benna Kalla í heimsókn, á því var engin breyting þetta árið. Þorgrímur ræddi við krakkana um mikilvægi góðrar sjálfsmyndar og gaf þeim góð ráð út í lífið til að styrkja sína sjálfsmynd. Fyrirlestur Benna Kalla fjallaði um að vera ábyrgur öku- maður en hann talaði opinskátt um sína reynslu eftir alvarlegt mótorhjólaslys.

Við fengum 3 kynningar frá framhaldsskólum. Fulltrúar frá Fjölbrautaskólanum á Akranesi komu til okkar og kynntu hvað væri í boði fyrir verðandi framhaldsskólana. Menntaskólinn í Borgarnesi kynnti sína starfsemi og svo komu tveir fyrrum nemendur Grundaskóla þær Hekla María og Ragnheiður og kynntu Menntaskólann í Reykjavík.

Í haust eiga nemendur fæddir 2004 og 2005 tækifæri á að fara á vinarbæjarmót í Svíþjóð á vegum Norrænafélagsins. Björn Viktor og Viktoría sem eru fyrrum nemendur í Grundaskóla fóru á vinarbæjarmót í Finnlandi fyrir tveimur árum. Þau komu og sögðu frá reynslu sinni og hvöttu krakkana til að sækja um í þessu skemmtilega verkefni.

Eins og sjá má hér að ofan höfum við fengið gesti úr öllum áttum, allar þessar heimsóknir bæta svo miklu við þroska og samfélagsvitund okkar.

Takk fyrir okkur. Nemendur og kennarar í 10. bekk.



Íþróttir og sund

Ívetur hafa íþróttir verið með svipuðu sniði og undanfarin ár, 10 vikna rúlla þar sem hinar helstu íþróttagreinar fá sitt pláss. Krakkarnir eru upp til hópa mjög duglegir að hreyfa sig, móttækilegir fyrir ýmsum nýjungum og er gleðin í fyrirrúmi.


Sundið hefur gengið nokkuð vel í vetur, krakkarnir eru oftast áhugasamir og tilbúnir í að gera vel. Við notum allskyns áhöld sem gera kennsluna skemmtilegri og fjölbreyttari. Þar sem við erum

með útisundlaug getum við lent í allskyns veðrum og höfum við þurft að fella niður nokkuð marga tíma í vetur vegna kulda og erfiðra aðstæðna.

Nokkur áhöld bæði í íþróttahúsi og sundlaug hafa verið endurnýjuð sem er góð viðbót við starf okkar.

Við hvetjum alla til að hreyfa sig því hreyfing er bæði holl og skemmtileg

Íþróttakennarar




Heiða Viðarsdóttir ritari

Hvað felst í þínu starfi? Símsvörun og skjölun gagna.

Hvað er það besta við starfið þitt? Fjölbreytileikinn og hvað þetta er skemmtilegur vinnustaður.

Áhugamál: Golf og hlaup.

Dagurinn: Klukkan hvað vaknaðir þú og hvað var það fyrsta sem þú gerðir? Ég vakna kl. 06.45, set á mig úrið og vek yngsta gæmlinginn.



Hvað borðaðir þú í morgunmat? Heimatilbúið músli og gríska jógúrt.

Hvenær fyrstu til vinnu og hvernig? Legg af stað 07.15 alltaf labbandi.

Fyrstu verk í vinnunni? Opna gluggana og kveiki á kaffinu.

Hvað varstu að gera klukkan 10:00? Í kaffi.

Hvað varstu að gera klukkan 14:00? Skrá börn í skólann sem eru að byrja í 1. bekk í haust.

Hvenær hættir þú og hvað er það síðasta sem þú gerðir í vinnunni? Kl. 15.30 hætti ég og ég slekk ljós og stimpla mig út.

Hvað gerðir þú eftir vinnu? Fer heim, moppa og ryksuga þar og fer svo út að hlaupa eða labba.

Hvað var í kvöldmatinn og hver eldaði? Lasagna og heimatilbúið hvítlauksbrauð og við eldum alltaf saman hjónin.

Hvernig var kvöldið? Voða næs, lesið og horft á Modern family og endað á fréttum kl. 22.00.

Hvenær fyrstu að sofa? Kl. 22.30 – 23.00 (eins og alltaf).

Fermingar 2020

Rakel Sif Stefánsdóttir

Nú ætlar þú að fermast. Hvernig hefur undirbúningurinn farið fram hjá þér?

Ég er búin að mæta í allar fermingarfræðslurnar sem hafa verið ágætir en misjafnlega skemmtilegar. Svo hef ég mætt í messur og KFUM og K æskulýðsfélag sem er mjög skemmtilegt. Fjölskyldumessurnar hafa verið skemmtilegastar því þar er blandað sama messu og sunnudagaskóla, þar hef ég verið í hóp sem hefur leitt sönginn sem hefur verið gaman að taka þátt í.

Við fjölskyldan bjuggum til okkar eigin hráefni í matinn strax í haust sem var það fyrsta sem við gerðum í fermingarundirbúningnum. Við fórum á kransakökunámskeið sem var mjög skemmtilegt. Skrautið í salinn höfum við keypt og einnig notum við það sem var notað í fermingu eldri frænku minnar. Kjólinn fékk ég líka hjá frænku minni sem er mjög flottur.

Var allt tilbúið og hvernig ætluð þið að hafa daginn?

Það var allt tilbúið nema það átti bara eftir að kaupa það sem þurfti í matinn og elda hann. Við hefðum byrjað á því að fara í hárgreiðslu og svo í fermingarfötin. Eftir það farið á æfingu í kirkjunni áður en athöfnin hefði byrjað. Veislan hefði byrjað kl. 14 og áttum við von á 120 manns.

Hvenær áttir þú að fermast?

Ég hefði átt að fermast 22. mars.

Er kominn nýr fermingardagur fyrir þig?



Já, ég fermist 6. september kl. 10:30

Af hverju ákvaðst þú að fermast?

Af því að ég trúi á Guð og það er hefð í fjölskyldunni okkar að fermast og líka til þess að staðfesta skírningina mína. Ég var skírd 16 daga gömul á afmælisdegi ömmu minnar í fermingarveislu frænda míns.

Nú hefur öllum fermingum verið frestað þar til í haust, hvað finnst þér um það?

Mér finnst það skrytið af því að við vorum búin að undirbúa nánast allt.

Hvernig líður þér með það að þurfa að bíða með að fermast fram á haustið?

Það verður sérstakt að vera byrjuð í 9. bekk og vera að fara að fermast.

Er eitthvað sem þú vilt segja að lokum um fermingar og fermingarundirbúning?

Það hefur verið gaman að undirbúa ferminguna og maður kynnist fleirum.

Ég mæli með að taka þátt í KFUM og K æskulýðsfélaginu og fara í æðislegar ferðir í Vatna-skóg.

Kaffiboð starfsmanna Grundaskóla

Þann 6. nóvember var núverandi og fyrrverandi starfsmönnum Grundaskóla boðið í kaffiboð á sal skólans. Fjöldmenn mætti í boðið og var mikil gleði ríkjandi. Hópurinn er orðinn fjöldmennur og spannar alla sögu Grundaskóla eða heil 38 ár.

Þetta er sennilega í fyrsta skipti þar sem allir skólastjórar skólans, fyrir utan Gutta og Guðrúnu Bentsdóttur, koma saman í boð á vegum skólans. (Þetta eru aðstoðarskólastjórnir Ólína Jónsdóttir, Hrönn Ríkhærdsdóttir (síðar skólastjóri Grundaskóla), Jóhanna Karlsdóttir, Sigurður Arnar og Flosi Einarsson).



Sigurður Arnar minntist Guðbjarts Hannessonar í ávarpi sínu en Gutti var eins og flestir vita fyrsti skólastjóri skólans og kveikt var á „Ljósinu hans Gutta” í minningu fallins félaga.

Stefnt er að því að hér eftir verði um árlegan viðburð að ræða.



Kaffistofukeppnin



Þ.Ú.Í.Þ.



Miðvikudagar eru Óladagar

Uppáhaldsdagur kennara og starfsfólks er miðvikudagur. Þá daga hittumst við Óli úr 7. bekk og böllum saman fyrir starfsmannakaffi sem er alltaf á miðvikudögum.

Dagurinn byrjar klukkan 8:20 og þá tökum við saman það sem þarf fyrir daginn og reiknum út hvað við þurfum af hráefni. Það eru í kringum 120 starfsmenn í Grundaskóla, toppiðið það þannig við þurfum að tíu- til tólfalda falda uppskriftirnar. Þá kemur Óli aldeilis sterkur inn í þeim reikning þar sem Ausan á það til að missa þráðinn í þeim þætti eins og reyndar þegar er verið að hræra í þá er gott að hafa Óla sem grípur oft inn í þegar mín ætla að gleyma sér.

Um áramótin duttum við reyndar aldeilis í lukkupottinn þegar ný extra stór Kitchenaid hrærivél kom til starfa og leysti af hina grænu 200 ára gömlu skvísu

þannig hún léttir okkur (og henni) aldeilis lífið í bakstursgerð.

Uppáhalds uppskriftin okkar er snúðakaka með eplum og marsípan en okkur finnst langskemmtilegast að baka skonsur eða pönnukökur.

Hér ætlum við að deila með ykkur uppskrift af snúðakökunni góðu en okkur dreymir um að gera matreiðslubók saman einn daginn.

75 gr smjör
3 dl mjólk
25 gr ger
200 gr rífið epli
3 msk. sykur
1 tsk. salt
2 egg
650 g hveiti
2 epli
125 gr marsípan
200 gr smjör
100 gr púðursykur
1 msk. kanill
1 egg til penslunar
150 gr flórsykur

Bræðið smjörið (75 gr) og mjólk við vægan hita og hellið næst yfir gerið og látið leysast upp.

Setjið 200 gr rífið epli út í skálina ásamt sykri, salti og eggi. Bætið hveiti út í smátt og smátt. Hnóðið þar til slétt og fint og látið hefast í 1 tíma.

Rífið niður 2 epli og marsípan með grófu hliðinni á rifjárninu og hrærið saman við 200 g af mjúku smjöri, púðursykur og kanil.

Fletjið deigið út á hveitilagt borð í stærðina 40x30 cm og smyrjið epla-marsípankreminu ofan á.

Rúllið deiginu varlega upp eins og rúllutertu og skerið í skífur. Leggið snúðana á bökunarpappír á bökunarplötu.

Látið hefast við stofuhita í 30 mínútur.

Penslið með þískuðu eggi og bakið við 200°C í 25 mínútur.

Hrærið flórsykur saman við sjóðandi heitt vatn í glassúr og skreytið snúðana.

Leiklistarsmiðja - Áfram Latibær

Alt frá árinu 2012 hafa nemendur í leiklistarsmiðju unglingsdeildar sett upp leikverk fyrir alla samnemendur sína sem og elstu nemendur allra leikskólanna á Akranesi. Að sjálfsögðu var engin undantekning í ár þegar að nemendur settu upp leikverkið Áfram Latibær.

Leiklistarsmiðjan er á margan hátt ólík hefðbundnum valsvæðum í grunnskólum. Þátttakendur, í samvinnu við umsjónarmann smiðjunnar, koma að hinum ýmsu hliðum leikhústarfsins s.s. að velja leikverk, hanna og smíða leikmynd, sjá um tæknimál og að sjálfsögðu að leika svo eitthvað sé nefnt. Þá mæta nemendur smiðjunnar í fjölmargar kennslustundir utan hefðbundins skólatíma til þess að geta komið verkinu á svið fyrir samnemendur sína.

Áfram Latibær segir frá íbúum Latabæjar sem eru mikil letiblöð og hugsa lítið sem ekkert um heilsuna. Bæjarstjóra Latabæjar þykir ástandið mjög slæmt og fær hann sjálfan Íþróttálfinn til liðs við sig til að fá bæjarbúa til að hreyfa sig meira og temja sér heilbrigðari lífstíl.

Óhætt er að segja að leiklistarsmiðjan hafi boðið upp á metnaðarfulla uppsetningu þar sem allir þátttakendur stóðu sig með mikilli þryði í skemmtilegu verki þar sem



glens og grín ræð ríkjum. Umsjón og leikstjórn var í höndum Einars Viðarssonar sem stýrði hópnum í allri þeirri vinnu er kom að leik,

gerð leikmynda og tæknimála. Að venju var það Eygló Gunnarsdóttir sem sá um hönnun og gerð búninga.



Malavi markaðurinn

Það var mikið um að vera hjá þokkur í Grundaskóla þegar hin árlegi Malavi markaður var haldinn 21. nóvember. Nemendur og starfsfólk lagði hart að sér við að búa til ýms konar góðgæti og fjölbreytta muni sem seldir voru á markaðnum. Eins og vanalega fjölmenntu foreldrar, ættingjar og vinir. Við í Grundaskóla söfnum 796.824 krónum sem fer í að styrkja skólamál í Malavi.

Auk þess að bjóða ýmsa muni til sölu, buðu nemendur upp á ilmandi vöffur og tónlistaratriði á sal skólans.

Við þökkum öllum gestum okkar innilega fyrir stuðninginn.



Nemendafélagið

Að baki er öflugt skólaár hjá okkur í nemendafélaginu.

Formaður nemendafélagsins í vetur var Marey Edda Helgadóttir og varaformaður Friðmey Ásgrímsdóttir. Í stjórn sátu einnig: Elsa, Bergur, Váli, Andrea, Ingveldur, Róbert, Jóel, Elvíra, Rósa, Amíra, Björk, Thelma, Hugrún, Demi, Gunnar, Lilja, Tómas og Viðar.

Nemendafélög Grundaskóla og Brekkubæjarskóla áttu mikið og gott samstarf á skólaárinu þar sem við meðal annars skipulögðum og höldum nokkur böll.

Hér í Grundaskóla fengum við einnig tækifæri til að funda um hvað okkur nemendum fannst að betur mætti fara í kennslu og komum við þeim ábendingum svo áfram til skólastjórnar. Nemendafélagið hélt einnig margar samkomur á sal skólans, til dæmis sam-söng og Just Dance. Löngu frímínúturnar voru á sínum stað í vetur – 20 mínútum lengri en vanalega og voru þær ófár haldnar úti í höll þar sem farið var í skemmtilega leiki.

Einnig höldum við Húllum hæ og skemmtikvöld þar sem við settum upp draugahús í Grundaskóla og sumir horfðu svo á mynd á meðan aðrir spiluðu.

Á Öskudaginn var ákveðið búningaþema á hverjum bekk og keppni um flottustu búningana á milli bekkja.

Virkilega skemmtilegt skólaár að baki og við í nemendafélaginu erum sátt með okkar framlag til félagslífs nemenda Grundaskóla. Við þökkum fyrir frábært samstarf við nemendur skólans en einnig við Brekkó og alla þá sem lagt hafa hönd á plóg (tæknimenn, starfsfólk skólans o.fl.).

Miðstigslestrarkeppnin

Krakkarnir á miðstiginu eru alltaf að vinna í því að efla sig í lestri. Ein leið til þess er að taka þátt í lestrarkeppni sem allir bekkir á miðstiginu taka þátt í. Á vorin, áður en krakkarnir fara í sumarfrí, fá krakkarnir upplýsingar um hvaða bækur verða lagðar til grundvallar í spurningakeppninni og því geta krakkarnir nýtt sumarið til að lesa bækurnar.

Þegar skólinn byrjar svo aftur um haustið hjálpast krakkarnir í bekknum að við að klára að lesa

allar bækurnar á listanum svo þeir eigi sem mesta möguleika á að svara spurningunum. Mikilvægt er að allir leggi sig fram um að lesa sem flestar bækur.

Í hverjum bekk eru valdir 3 aðilar í spurningaliðið en í sumum spurningaflokkum má allur bekkurinn hjálpast að við að svara. Þetta er útsláttarkeppni og er alltaf mjög spennandi.

Skólaárið 2019-2020 varð 7. IHÓ í 1. sæti og 6. EHP. í öðru sæti.



Nýsköpunarverðlaun

Eyjólfur Eyjólfsson kom fyrir hönd menntarmálaráðherra og afhenti Sigurði Brynjarssyni verðlaunin fyrir fyrsta sæti í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Hugmynd hans „Með okkar augum“ er í stuttu máli app fyrir blinda. Sigurður mun fá tækifæri til þess að þróa og vinna verkefnið áfram. Við hlökkum til að fylgjast með þeirri vinnu.

Valdis Sigurvinsdóttir kennarinn hans í smíðju var að vonum ánægð með árangurinn en það voru nokkur verkefni frá nemendum hennar sem voru send í keppnina.



Öskudagur 2020 á miðstigi

Öskudagurinn, eins og aðrir hátíðsdagar, var haldinn með með pomp og prakt á miðstiginu í byrjun febrúar. Nýttu bæði ungir sem aldnir tækifærið til að klæða sig upp í glæsilega búninga og gerðu sér gláðan dag.

Dagurinn byrjaði á sameiginlegri stund inn á sal þar sem var sungið, trallað og dansað zumba í um klukkutíma. Eftir það var öllum bekkjum blandað saman í 10 mismunandi hópa sem að dreifðu

sér í stofurnar á stiginu. Í hverri stofu var ákveðinn vinna sem að nemendur framkvæmdu í um 15 mínútur og síðan var skipt og hélt þannig rúllan áfram þangað til allir hópar voru búnir að fara á allar stöðvarnar.

Stöðvarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar þar sem markmiðið var að blanda saman námi, samvinnu og gleði.

Dagurinn tókst vel til og fóru nemendur ánægðir út í skemmtilegan dag.



Sýning á verkum nemenda í 4. bekk

Í janúarlök héldu nemendur í 4. bekk listsýningu fyrir foreldra og fleiri gesti. Á haustönn unnu nemendur verkefni út frá þjóðsögunni um Rauðhöfða í list- og verkgreinum og á sýningunni mátti sjá afrakstur þessarar vinnu.

Við opnun sýningarinnar sagði Þóra Grímsdóttir sögukona, á sinn einstaka hátt söguna um Rauðhöfða. Eftir það fluttu hópar nemenda tónverk sem þau höfðu samið út frá sögunni og 4. bekkingar úr Skólakórnum sungu eitt lag.

Börnin gengu svo um svæðið og sýndu gestum sínum stolt listaverkin sín enda sýningin glæsileg og fjölbreytt.



Popplestrarkeppnin

Popplestrarkeppnin, sem er lestrarátak á miðstiginu, var haldin í fjórða sinn í janúar 2020. Um er að ræða keppni milli bekkja, þar sem klukkustundir eru taldar en auk lesturs má tiltaka hlustun á hljóðbækur og upplestur fyrir krakkana heima.

Keppnin hóf göngu sína haustið 2018, þá sem tilrauna-verkefni til að auka lestur barna á miðstigi og gefa foreldrum tækifæri til að taka virkan þátt í lestraruppeldi barna sinna. Lestrarátakið þótti takast einkar vel; auka áhuga á lestri, lengja lestrarstundir og skapa gamansama keppni. Í framhaldinu var ákveðið að hafa popplestur á hverri önn til að hvetja nemendur til lestrar.

Nú í janúar lásu nemendur á miðstigi í 146.097 mínútur alls sem gerir um það bil 790 mínútur að meðaltali á hvern nemanda. Lauk keppninni á hefðbundinn hátt, þ.e. með nægu poppi fyrir alla og bíomynd.

Segja má að popplestrarkeppnin hafi haldið velli sem tæki til að auka lestur og lestraránægi og vonir standa til að svipað átak sé komið til að vera með einu eða öðru sniði. Að lokum er vel við hæfi að færa kennurum, starfsfólki, foreldrum og nemendum þakki fyrir þátttökuna. Höfum svo hugfast að „Blindur er bóklas maður“ eins og málshátturinn segir.

Unglingadeildin í skólaheimsókn

Dagana 16. – 20. október sl. fór stór hluti kennara unglingadeildar í skólaheimsókn til Bandaríkjanna. Skólinn sem varð fyrir valinu heitir Meridian Academy sem er lítill einkarekinn skóli í Boston. Skólinn, sem kom okkur frekar spánst fyrir sjónir, er starfræktur í aldargamalli byggingu á þremur hæðum. Í skólanum eru um 100 nemendur, á aldrinum 10-17 ára. Húsnæðið myndi seint teljast viðurkennt skólahúsnæði á Íslandi þar sem flest innanhúss var úr sér gengið en bjó engu að síður yfir ákveðnum sjarma. Ljóst að það eru ekki endilega umbúðirnar sem skipta máli heldur fólkið og drifkrafturinn.

Skólinn stendur framarlega í Verkefnamiðuðu námi e. „project based” learning og hefur verið vinsæll hjá skólafólki víðs vegar um heiminn, sem vill kynna sér það betur. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna okkur betur kennslufræði verkefnamiðaðs náms og skoða þá möguleika sem það hefur upp á að bjóða og sjá það í framkvæmd. Okkur þótti t.a.m. mjög áhugavert og spennandi hvernig þau nýttu sér samfélagið í verkefnum nemenda en vinna með raunveruleg viðfangsefni er kjarni verkefnamiðaðs náms.



Vel var tekið á móti okkur Íslendingunum og farið með okkur eins og kóngafólk. Skólinn er van-

ur að taka á móti gestum og þótti okkur aðdáunarvert hversu mikinn þátt nemendur tóku í kynningunni og hversu öruggir þeir voru í framkomu sama á hvaða aldri þeir voru. Við fengum tækifæri til að spjalla við kennara, skólastjórnendur og nemendur og fengum að taka þátt í ólíkum kennslustundum sem gáfu okkur breiða mynd af því starfi sem þar fer fram.

Ferðin var í alla staði vel heppnuð og óhætt að segja að við höfum komið heim með meiri þekkingu sem suma hverja við höfum getað hrint í framkvæmd. Okkar draumur er að geta nýtt samfélagið og tækifærin sem þar felast og þá þekkingu sem þar býr til að auðga skólastarfið.



Skólahlaup Grundaskóla

Skólahlaup Grundaskóla fór fram í ágætisveðri föstudaginn 4. október. Allir nemendur skólans byrjuðu á að mæta í Akraneshöllina þar sem fram fór afhending fyrir verkefnið Göngum í skólann. Verkefnið gengur út á að kanna hvaða árgangur stendur sig best í að nota virkan ferðamáta á leið sinni í skólann. Það var 7. bekkur sem stóð uppi sem sigurvegari þetta árið.

Eftir þessa samveru í Akraneshöllinni fóru allir nemendur Grundaskóla út og hlupu ákveðinn hring sem er 1 km. Allir nemendur skólans áttu að hlaupa a.m.k.



tvo hringi. Nemendur voru sérlega duglegir og margir sem hlupu 10 hringi sem gera þá 10 km. Gefin var klukkutími í hlaupið.

Virkilega gaman var að sjá nemendur hlaupa saman og hvetja hvern annan áfram. Nemendur og starfsfólk skólans hlupu samtals 3.115 km sem gera 2,4 hringi í kringum Ísland. Vel gert. Eftir hlaup var svo boðið uppá ávexti og vatn sem nemendur og starfsfólk þáðu eftir góða hreyfingu.



Stíll 2020

Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva og geta allar félagsmiðstöðvar á landinu tekið þátt í keppninni. Stíll 2020 fór fram í íþróttahúsinu Digranesi laugardaginn 1. febrúar og var þemað í ár „DISNEY“. Þetta er í tuttugasta sinn sem keppnin er haldin og tóku um 120 ungmenni þátt frá samtals 23 félagsmiðstöðvum af landinu öllu.

Keppnin gengur út á hönnun og er keppt í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Einnig þurfa þátttakendur að gera ferilmöppu sem dómara meta.

Í ár voru þrjú nemendur í Grundaskóla sem tóku þátt í keppninni fyrir hönd Arnardals á Akranesi.


Það voru þær: Arina Pechorina 8. IH, Bergrún Birta Liljudóttir 10. UG, Harpa Ósk Svansdóttir 10. UG.

Stelpurnar völdu að vinna með persónuna Bangsimon en nefndu sína hönnun „Bangsimona“ þar sem módelið var kvenkyns.

Líðið stóð sig með mikilli þrýði og fékk hönnun þeirra viðurkenningu og verðlaun fyrir bestu hárgreiðsluna.

Félagsmiðstöðin Ásinn bar sigur úr þytum á þessum frábæra viðburði. Í öðru sæti var Þeba og í því þriðja voru keppendur frá félagsmiðstöðinni Garðalundi.

Félagsmiðstöðin Arnardalur hlaut verðlaun fyrir besta hárið, Hinsegin félagsmiðstöðin fékk verðlaun fyrir bestu förðunina og Pegasus skilaði af sér bestu hönnunarmöppunni. Félagsmiðstöðin Klakinn hlaut síðan hvatningarverðlaun Stíls 2020.



Skólakórinn

Skólakór Grundaskóla fór af stað inn í niunda starfsárið sitt haustið 2019. Kórinn samanstendur af yngri og eldri hóp sem æfa hvor um sig einu sinni í viku. Í yngri hópnum æfa rúmlega 30 nemendur úr 3. og 4. bekk. Þeir tóku þátt í mörgum skemmtilegum viðfangsefnum í vetur t.d. söngstund á Bókasafni Akraness á Vökudögum, sungu jólalög við tendrun jólaljósa á Akratorgi í desember. Þá rétt náðum við að fara í árlega söngheimsókn að Höfða áður en lokað var fyrir heimsóknir þangað vegna kórónufaraldursins.

Í eldri hópnum æfa rúmlega 20 nemendur í 5. -8. bekk og sérlega gaman að sjá nemendur halda áfram í kórastarfinu ár eftir ár. Nokkrir kórfélagar hafa þannig starfað með kórnum í 6-7 ár. Eldri kórinn fór í söngheimsókn á Sjúkrahús Akraness, kom fram í Kallabakaríu og átti flott atriði á Malawí markaðnum í nóvember. Hópurinn hafði lagt mikla vinnu og metnað í atriði sem átti að sýna á Árhátíð Grundaskóla, en því miður varð ekkert af henni vegna kórónufaraldursins. Kóræfingar þurftu svo að stoppa á meðan samkomubanni stóð í mars og apríl, en að sjálfsgöðu stefnum við á að rífa starfið í gang um leið og hægt er.

*Valgerður Jónsdóttir,
stjórnandi kórsins.*



Skólahreysti - liðið okkar



Liðið sem keppti fyrir hönd Grundaskóla þetta árið var skipað öflugum einstaklingum og stóðu þeir sig með þryði. Í liðinu voru Ólafur Ían, Sölvi, Alexandra Ósk og Elsa Maren.



Upplestrarkeppnin í 7. bekk



Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember síðastliðinn hófst undirbúningur fyrir Upplestrarkeppnina í 7. bekk. Markmið hennar er að vekja áhuga á vönduðum upplestri og framburði og bæta almennan lesskilning nemenda. Upplesturinn er ætlaður til að efla sjálfsvirðingu og að vera hvetjandi til áframhaldandi lesturs. Einnig er lögð áhersla á að nemendur sýni móðurmálinu virðingu og læri að lesa ljóð og texta með túlkun. Allir nemendur taka þátt, velja sér eitt ljóð og texta sem þeir æfa sig á bæði heima og í skólanum, lesa upphátt fyrir framan foreldra, kennara og samnemendur.

Bekkarkeppnin var haldin í febrúar og komust 6 nemendur úr hverjum bekk í undankeppnina sem var haldin á sal skólans í lok febrúar. Í lokakeppnina komust 6 nemendur áfram og var loka-hátíðin haldin í Tónbergi ásamt Brekkubæjarskóla þar sem valinn var besti upplestarinn úr hvorum skóla og bar Fura Claxton sigur úr bítum úr okkar skóla. Nemendur okkar stóðu sig frábærlega og við erum afar stolt af þeim öllum!

Verkfærakistan

Á haustmánuðum skelltu fjölmargir kennarar sér úr Grundaskóla á námskeið hjá KVAN. Um er að ræða námskeið sem Vanda Sigurgeirsdóttir hefur umsjón með og heitir Verkfærakistan. Þar sem góð þátttaka var í Grundaskóla þá var námskeiðið haldi í skólanum. Um afar hagnýtt námskeið er að ræða þar sem námskeiðið samanstendur af fjölbreyttum verkefnum sem varða samskipti og félagslega þætti og er markmiðið að bæta samskiptin hjá nemendum. Bekkir geta verið mismunandi og oft getur vandinn t.d. legið í samskiptaerfiðleikum, ljótu orðfari, lélegum bekkjaranda, einelti, ágreiningi og lélegum vinnufrið. Einnig þarf að vinna með einstaklinga sem geta verið klaufalegir í samskiptum, upplifa vinaleysi eða höfnun, eiga í hegðunarvanda eða annarskonar félagslegum vandamálum. Því er afar mikilvægt að kennarar

og fagfólk skólans fái aðferðir og verkfæri til að nýta í þessa vinnu því öll viljum við gera betur.

Á námskeiðinu fengu þátttakendur verkefni og verkfæri til að vinna m.a. með vináttuþjálfun, notkun innri hvata, jákvæða leiðtogaþjálfun, afleiðingaaðferðina, reiðistjórnun og félagsfærniþjálfun. Einnig voru fjöldamargir samvinnuleikir, samvinnuverkefni og hópeflisleikir kenndir til að nýta í kennslustundum.

Námskeiðið var haldið í 6. skipti og voru látnar líða nokkrar vikur á milli tíma þannig að allir fengu tækifæri til að prófa aðferðirnar á sínum hópum. Í tím anum á eftir fengum við stuðning og handleiðslu varðandi verkefni.

Námskeiðið var frábært í alla staði og var það samdóma álit allra að um afar þarft námskeið hafi verið að ræða sem nýtist vel í vinnu með hópa eða bekk.

Útikennsla

Síðast liðið haust var útikennsla sett inn í stundatöflu 5.bekkjjar. Útikennsla er ekki ný af nálinni í Grundaskóla en var nú í fyrsta skipti sett inn í stundatöflu. Hvað er nú útikennsla spyrja sumir? Það er þegar kennsla í hefðbundnum greinum sem í langflestum tilfellum er kennd innan-dyra er færð út fyrir veggj skólans og mótuð að því umhverfi sem hún fer fram í.

Margir skólar á landinu hafa tekið þessa kennsluáferð upp og eru útfærslurnar fjölbreyttar eftir aðstæðum á hverjum stað. Reynslan sýnir að uppbrot af þessu tagi skilar sér vel til nemenda og hafa þessir tímar mælst ákaflega vel fyrir hjá nemendum fimmta bekkjar í vetur. Rannsóknir sýna jafnframt að þessi kennsluáferð hentar börnum með ADHD alveg sérstaklega vel, því engir veggir, útsýni og nátturulegt umhverfi hefur góð áhrif á þau. Verkefni hafa verið af ýmsum toga. Vetrinum var skipt niður milli námsgreina, sem dæmi má nefna að þegar form og

mælingar voru á dagskrá í stærðfræði þá var unnið með sama efni úti ýmist beint eða gegnum leik.

Byrjað var á að kynna sér nánasta umhverfi skólans og hvað þar var að finna og hægt að nýta til kennslu. Fljótlega var farið í að taka upp kartöflur og síðan var skóg- ræktin heimsótt og börnin frædd um hinar ýmsu tegundir plátna, trjáa og fugla sem þar er að finna. Við gróðursettum tré í skólaskógi Grundaskóla og tíndum fræ af birkitrjám sem síðan voru send til Landgræðslunnar þar sem þau verða notuð til að rækta skóga á landinu.

Við skoðuðum Akrafjallið og Akranes, veltum því fyrir okkur hvernig það og síðar Akranesbær varð til. Kynntum okkur lífið á Langasandi og Kalmannsvík og fræddumst um af hverju fjörurnar eru ekki eins á litinn. Skoðuðum hafnarsvæðið og fræddumst um þátt útgerðar á Akranesi.

Við kynntum okkur veðrið og ástæður þess að stundum rignir. Stundum er rok og hvað veldur því? Samfélagið var á dagskrá, hver stjornar og hvernig er hægt að hafa áhrif.



Akranes býður uppá frábærar aðstæður fyrir útikennslu. Fjörur, skógarækt, fuglalíf, hafnarsvæði og svo lengi mætti áfram telja og allt er þetta við hendina. Varla er hægt að ímynda sér betri aðstæður til að þróa útikennslu sem sjálfsagðan þátt í skólastarfi.





1. GS

Efri röð frá vinstri: Guðlaug M. Sverrisdóttir umsjónarkennari, Friðmey Dögg Benediktsdóttir, Kristín Birta Skarphéðinsdóttir, Iðunn Ísis Árnadóttir, Helena María Eggertsdóttir, Þórdís Embla Guðjónsdóttir, Viktor Ísak Ólafsson, Lena Kluziak, Unnar Neisti Jökullsson, Thelma Rún Hlinadóttir, Kristófer Guðjónsson, Almar Berg Ottesen og Petrun B. Sveinsdóttir.

Nedri röð frá vinstri: Ares Freyr Reynisson, Inga María Brynjarsdóttir, Mía Vattar Steinólfsdóttir, Katrín Lilja Unnarsdóttir, Sigbör Draupnir Sigfússon, Helga Katrín Maronsdóttir, Haukur Andri Jónsson, Ívar Bæring Samúelsson, Jón Darri Elvarsson og Fylkir Orrason.

1. LDV

Efri röð: Kári Fannar Hannibalsson, Þorbjörn Máni Steinsólfsson, Aldís Emilia Magnúsdóttir, Margrét Lilja Guðjónsdóttir, Tinna Guðrún Adalsteinsdóttir, Birta Þyrí Jónsdóttir, Sigurður Kári Halldórsson, Erik Óli Jóhannsson og Hafsteinn Orri Gunnarsson.

Nedri röð: Eyþór Allansson, Rúnar Geir Árnason, Heiður Davíðsdóttir, Anthony Þór Jaramillo, Indiana Alba Mýrdal, Katrín Rós Fannarsdóttir, Arnáís Inga Bjarnadóttir, Malín Káradóttir, Harpa Dögg R. Höskuldsdóttir, Sigurbjörg Vaka Vigfúsdóttir og Grétar Mar Steinólfsdóttir.



1. VV

Efri röð: Ólafur Hrafn Taroni, Kristófer Ingi Aronsson, Laufey Svanbergsdóttir, Alexander Darri Aronsson, Aron Emil Óskarsson, Gabriel Leper, Elisabet María Ringsted, Emelia Karen Björnsdóttir, Agnes Ásthildur Ásgeirsdóttir, Ástrós Tara Ástþórsdóttir, Wiktoria Kuptel.

Nedri röð: Elva Kristín Pétursdóttir, Kristján Ingi Sigurbjörnsson, Fanney Dis Snæland Birgisdóttir, Samúel Ísak Valdimarsson, Oskar Janiszewski, Agla Valdís Guðlaugsdóttir, Sigurður Björn Þórðarson, Ólafur Máni Ágústsson, Engilbert Arnar Ársælsson.



2. KB

Efsta röð frá vinstri: Karen Birgisdóttir umsjónarkennari, Hekla Björk Aronsdóttir, Fríða Maren Guðmundsdóttir, Karen Eva Sigurðardóttir, Ólafur Dór Bjarkason, Markús Atli Þráinsson, Anna Danielsdóttir, Jara Jökulsdóttir, Steinunn Dögg Ólafsdóttir, Hulda Björg Þórðardóttir. Miðjuröð frá vinstri: Marínó Heiðar Guðlaugsson, Agnar Ingi Godson Anufo, Þórður Páll Sölvason, Hallur Hrafn Oddsson, Arnar Óli Sigurjónsson, Egill Þór Alfreðsson, Reynard Henry Owusu Darkoh. Neðsta röð frá vinstri: Vigdís Briet Ingibjörnsdóttir, Unnur Valdís Lúðvíksdóttir, Kristín Anna Guðmundsdóttir, Camilla Ýr Guðmundsdóttir, Sara Sesselja Sveinbjörnsdóttir, Helga Lind Viðarsdóttir, Brynja Líf Sölvadóttir, Fannar Þór Hannesson, Daði Haagensen.

2. LG

Efstaröð frá vinstri: Víkingur Thor Ellertsson, Ína Karen Vigfúsdóttir, Elmar Snorrason, Petra Kristín Baldvinsdóttir, Alexandra María Ólafsdóttir, Davíð Leó Bjarnason, Mangirdas Moliusis, Disella Ósk Þorsteinsdóttir.

Miðjuröð frá vinstri: Jóhannes Kári Jóhannesson, Elektra Lind Káradóttir, Hallgrímur Sölvi Viðarsson, Halldóra Erla Þorvaldsdóttir, Karen Ylfa Róbertsdóttir, Björn Atli Ásbjörnsson, Sigríður Margrét Reynisdóttir, Anna Rósa Ársælsdóttir.

Neðstaröð frá vinstri: Ísölfur Keran Árnason, Sunna Karen Ingvarsdóttir, Ásgerður Svana Alexandersdóttir, Emilía Ingibjörg Valmundsdóttir, Valgerður Ósk Ólafsdóttir, Heiða Björk Sævarsdóttir. Auður Vestmann umsjónarkennari.



2. MRJ

Efsta röð frá vinstri: Sigurður Már Sigurjónsson, Daði Rafn Reynisson, Elías Ibsen Friðþórsson, Gunnar Kári Hjaltason, Aron Bergmann Valtýsson, Hilmar Erik Héðinsson, Birkir Andri Áskelsson, Alexander Ingi Aronsson

Miðjuröð frá vinstri: Hekla Agnarsdóttir, Viktoría Ósk Steinarsdóttir, Maren Lind Arnardóttir, Silja Rós Sigurðardóttir, Karíta Lilja Stefánsdóttir, Fríða Snorradóttir, Katla Agnarsdóttir, Katrín Eir Jónsdóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir umsjónarkennari.

Neðsta röð frá vinstri: Unnur Katrín Guðmundsdóttir, Ísarr Myrкви Runólfsson, Eydís Björt Steinólfsdóttir, Adila Ýr Iman Mwinyi, Maren Erla Almarsdóttir, Aðalsteinn Bói Sturluson, Guðrún Salka Hróðmarsdóttir.



3. EK

Aftasta röð frá vinstri: Eygló Karldóttir, Hera Ósk Ásgeirsdóttir, Breki Þór Ellertsson, Freyja Caitlin Kelly.

Miðröð frá vinstri: Stefán Indriði Ragnarsson, Kristian Stefán Ásrúnarson, Úlfar Orri Sigurjónsson, Benjamin Örn Birkisson, Daniel Rafnar Þórólfsson, Halldór Emil Unnarsson, Pétur Steinn Gunnarsson, Briet Óttarsdóttir, Alex Leó Valgeirsson, Jóhann Lár Hannesson.

Næðsta röð frá vinstri: Hafrún Alla Gunnarsdóttir, Linda María Línal Mátusdóttir, Jóhanna Ingadóttir, Brynja María Baldvinsdóttir, Lilja Sól Ástþórsdóttir, Dagbjört Ósk Valdimarsdóttir, Ólöf Oddný Jansen, Ninja Sóley Orradóttir, Nadia Kluziak, Arndís Ling Sverrisdóttir, Davíð Logi Atlason, Guðmundur Bjarni Eðvarðsson, Söldugg Rún Ástþórsdóttir.

3. KÓG

Aftasta röð frá vinstri: Gilbert Leó Linduson, Röskva Líf Þórisdóttir, Barbara Guðrún Davis, Dagný Lára Ottesen, Elísa Gunnarsdóttir Schumacher, Álfrheidur Magnúsdóttir.

Miðröð frá vinstri: Berglind Eldey Ólafsdóttir, Natalie Pála Einarsdóttir, Eva Hrönn Ásgeirsdóttir, Stefania Rakel Engilbertsdóttir, Guðrún Klara Fannarsdóttir, Ásta Vordís Magnadóttir, Ása Lovísa Jakobsdóttir, Stýrmir Línal Gíslason, Alexander Janiszewski, Karen Ósk Guðlaugsdóttir.

Næst næðsta röð frá vinstri: Tinna María Sindradóttir, Regina Rún Hauksdóttir, Hekla María Davíðsdóttir, Daniel Ágúst Sveinungsson Eide, Sara María Sigurðardóttir, Guðmundur Svavar Smáráson.

Næðsta röð frá vinstri: Hafsteinn Þór Guðmundsson, Guðjón Valur Jónmundsson, Daniel Arní Ottesen, Óskar Veigar Maronsson.



3. SBK

Aftasta röð frá vinstri: Sigríður Björk Kristinsdóttir, Dagný Allansdóttir, Sigurveig Sara Elvarsdóttir, Hugrún Inga Kristjánsdóttir, Inga Lind Guðbergsdóttir, Dominyka Mazurovic, Erna Björk.

Næst aftasta röð frá vinstri: Guðbjartur Hinrik Helgason, Ethan Agnar Watt, Viktor Logi Björnsson, Mikael Smári Davíðsson. Næst fremsta röð frá vinstri: Hafðís Ósk Sigurþórsdóttir, Jófríður Jara Sturludóttir, Maren Rún Jónsdóttir, Sjöfn María Lindudóttir, Drífa Katrín Finnsdóttir, Halldór Óli Hrannarson.

Fremsta röð frá vinstri: Jörundur Óli Arnarsson, Egill Fannar Andrason, Viktor Hugi Sigurgeirsson, Benjamin Örn Meyer, Stefán Huginn Ásgeirsson.

Á myndina vantar Selmu Sigurðardóttur.





4. ÁDO

Aftari röð, frá vinstri: Birgir Viktor Kristinsson, Iwo Szymon Gorajewski, Rúnar Már Jónsson, Leó Þór Árnason, Pétur Geir Gíslason, Lilja Fanney Ársælsdóttir, Sigurbjörg Heiða Ívarsdóttir, Stefania Líf Viðarsdóttir, Jökull Sindrason.

Fremri röð, frá vinstri: Óliver Sebastian Týr Almarsson, Simon Bjarki Sigurðsson, Hallur Sigurjónsson, Heiðrún Ása Þráinsdóttir, Naómi Líf Sölvadóttir, Erna Guðrún Jónsdóttir, Julia Von Káradóttir og Ingibjörg Einarsdóttir.

4. KVH

Efsti röð frá vinstri: Katrín Valdis Hjartardóttir (kennari), Aron Gabriel Bergmann Mikaelsson, Elía Valdis Elíasdóttir, Maren Unmur Magnúsdóttir, Lena Björk Bjarkadóttir, Björn Leó Aronsson, Róbert Kári Örnólfsson, Árný Lea Grímsdóttir, Karítas Líf Bjarnadóttir, Emília Snjólfsdóttir, Ármann Marvín Sigurðsson, Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir stuðningsfulltrúi.

Mið röð frá vinstri: Aníta Rut Andradóttir, Helga Dóra Einarsdóttir, Vala Rún Hrafnarsdóttir, Elmar Gísli Ólafsson, Orri Þór Jónsson, Eymar Ágúst Eymarsson
Nedsta röð frá vinstri: Andri Snorrason, Þóra Guðmundsdóttir, Nadía Steinunn Elíasdóttir.



4. LSH

Aftasta röð frá vinstri: Lilja Sigríður Hjaltadóttir, Jökull Stefnisson, Aron Kristinn Zumberg, Alma Hlín Ingimarsdóttir, Elin Sara Skarphéðinsdóttir, Órlygur Hrafn Stefánsson, Páll Snorrason, Bergur Emir Karlsson.

Miðjuröð frá vinstri: Óliver Levi Sverrisson, Helgi Guðsteinn Reynisson.

Fremsta röð frá vinstri: Maron Káason, Matthías Máni Bjarnason, Dóra Valdis Ariliusdóttir, Victoria Liv Meyer, Kristín Sjöfn Ómarsdóttir, Tinna Rós Eyfjörð Hólmarsdóttir og Styrmir Gíslason.



4. SRR

Efsta röð: Briet Inga Pétursdóttir, Gabriela Mist Valgeirsdóttir, Heiðdís Tinna Daðadóttir, Elsa Dís Hjaltadóttir, Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir, Hekla Dís Hilmarsdóttir, Ásdís Hekla Kristjánsdóttir, Dagur Óli Ragnarsson.

Miðröð: Heiðar Breki Héðinsson, Heimir Leó Unnarsson, Rokas Bistrickas, Birkir Hrafn Theodórsson, Theodór Smári Þorsteinsson, Emil Karl Jóhannesson, Albert Hrafn Lúðvíksson, Arnór Jökulsson

Fremsta röð: Patrekur Emil Mýrdal, Erik Vilhelm Hlinason.

Kennari: Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir.

5. EPS

Aftari röð frá vinstri: Elís Þór Sigurðsson, Guðrún Eiríksdóttir, Maksymilian Marek Zak, Victor Máni Ólafsson, Jón Auðunn Jónsson, Ari Styrmir Almarsson, Sindri Leó Róbertsson, Fjalar Þórir Óttarsson, Nói Andersen Valdmarsson, Natan Dagur Bernsen, Daníel Mar Andrason, Soffía Ómarsdóttir.

Fremri röð frá vinstri: Ester Guðrún Sigurðardóttir, Elísa Ruth Valdmarisdóttir, Karína Mazurovic, Viktoría Thelma Ólafsdóttir, Lovísa Liljudóttir Daðadóttir, Judite Guðbjörg de Silva, Margrét Andreudóttir/Magnúsdóttir, Katrín Lára Sveinbjörnsdóttir, Anna Lís Axelsdóttir, Þorgerður Sörudóttir, Elías Marvín Ingólfsson.



5. HBV

Efri röð: Jóhanna Vilborg Guðmundsdóttir, Sædis Ósk Pálmadóttir, Ása Brynja Fannarsdóttir, Karen Líf Viðarsdóttir, Eva Þóra Sigurjónsdóttir, Aldís Karen Stefánsdóttir, Telma Kristín Ingvarsdóttir, Lena Seselia Wiesztal, Írena Rut Mareksdóttir Binkowska, Viktoría Halldórsdóttir.

Nedri röð: Arnór Breki Guðjónsson, Alexander Fíjal, Ari Úlrik Hannibalsson, Guðbrandur Snær Valgeirsson, Alexander Thor Jaspersen, Jónas Laxdal Aðalgeirsson, Hreinn Bergmann Sigurðsson, Hermann Valsson, Enok Logi Asgeirsson, Davíð Leó Hafþórsson, Róbert Leó Steindórsson.



5. VH

Nedsta röð frá vinstri: Gabriel Cieslak, Atli Freyr Bjarnason, Jóhann Máni Ástþórsson, Elin Anna Viktorsdóttir, Marta Sóley Helgadóttir, Svava Guðfinna Ingvarsdóttir, Daniel Guðjónsson.

Miðröð frá vinstri: Samúel Örn Ólafsson, Hilmar Oddur Arnórsson, Viktor Gaciarski, Theodor Orri Ariliusson, Nojus Vilimas, Ísak Theodor Eidem, Aldís Ingibjörg Ísólfisdóttir, Embla Kristín Guðmundsdóttir, Linda Kristey Gunnarsdóttir, Aþena Líf Villhjálmisdóttir.

Efsta röð frá vinstri: Soffía Guðrún Ómarsdóttir, Chrstian Sturri Watt, Viktoría Vala Hrafnisdóttir, Tinna Björg Jónsdóttir, Sigurður Kai Jóhannsson, Hrafnhildur Helga Arnardóttir, Helena Ósk Somlata Einarsdóttir, Vilborg Helgadóttir.

6. EHP

Fremsta röð frá vinstri: Jóhannes Már Danielsson, Ísleifur Sturlaugsson, Ísak Davíð Þórðarson, Elisabet Fróðný Eiríksdóttir, Aldís Lilja Viðarsdóttir, Kara Líf Traustadóttir.

Röð tvö frá vinstri: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ívan Þór Reynisson, Birkir Dagur Vignisson, Aldís Ösp Elvarsdóttir, Ásrún Jónsdóttir.

Miðröð frá vinstri: Eyrún Helga Þorleifsdóttir, Aron Óttar Bergþórsson, Sigurður Brynjarsson, Róbert Óttarsson, Arni Daniel Grétarsson, Ronja Vala S. Gísladóttir, Benedikt Víkingur Rúnarsson.

Næst efsta röð frá vinstri: Sara Dis Óskarsdóttir, María Erla Björnsdóttir, Guðrún Ágústa Káradóttir, Guðjón Hagalín Kristjánsson.

Efsta röð frá vinstri: Sigurjón Ari Guðmundsson, Carla Sofia.



6. KÓ

Efsta röð frá vinstri: Emilía Kristín Guðjónsdóttir, Aldís Ósk Arnardóttir, Elin Birna Armannsdóttir, Sunna Rún Sigurðardóttir, Ásrún Silja Andradóttir, Helena Hrönn Baldvinsdóttir, Þórkatla Pýri Sturludóttir, Karitas Ósk Ólafsdóttir.

Miðjuröð frá vinstri: Adalheiður Lára Guðlaugsdóttir, Ása Katrín Harðardóttir, Birta Maren Kristjánsdóttir, Vala María Sturludóttir, Skúli Hrafn Víðisson, Adam Agnarsson, Magnús Orri Ólafsson, Eysteinn Orri Valdimarsson.

Nedsta röð frá vinstri: Vigdís Birna Arnþórsdóttir, Guðmundur Hrafnkell Daðason, Bjarni Berg Reynisson, Birkir Hrafn Samúelsson, Tryggvi Rafn Ingimarsson, Jón Þór Finnbogason, Arnar Gunnarsson.

Á myndina vantar: Jökul Viktor Jakobsson.



6. SÓ

Neðst frá vinstri: Julia Michalek, Sævar Hrafn Sævarsson, Karl Magnús Kristjánsson, Arnar Páll Sigmarsson, Arnar Már Gardarsson.

Miðja frá vinstri: Lovisa Rós Aronsdóttir, Anna Málfríður Ottesen, Aldis María Smáradóttir, Jemý Lind Hannesdóttir, kennari Sigríður G Ólafsdóttir.

Efst frá vinstri: Ívar Orri Sigurðarson, Ísak Logi Jónasson, Alexandra Ósk Hermódsdóttir, Valdis Ramundt Kristinsdóttir, Nökkvi Snorrason, Stýrmir Jóhann Ellertsson, Silvía Björg Einarsdóttir, Lilja Sól Bjarnadóttir.

Vantar á mynd: Edda Ósk Vigfúsdóttir.

7. AÝP

Efst röð frá vinstri: Íris Embla Andradóttir, Ísabella Yr Pétursdóttir, Alfrún Embla Hranmarsdóttir, Guðjón Jósef Baldursson, Ísabella Ada Ívarsdóttir, Jóhanna Dagný Óskarsdóttir, Ísólfur Darri Rúnarsson og Aron Ýmir Pétursson (umsjónarkennari).

Miðröð frá vinstri: Hulda Þórunn Ellertsdóttir, Katrín Lára Kristinsdóttir, Freyja Sif Eiríksdóttir, Mikael Aron Reynisson, Hringur Logi Sigurbjörnsson og Guðbrandur Ingi Guðjónsson.

Fremsta röð frá vinstri: Hákon Freyr Guðmundsson, Máni Berg Ellertsson, Daniel Ingi Jóhannesson, Kristian Mar Andrason, Marínó Ísak Dagsson, Óli Rafn Óskarsson, Erik Heiðar Guðbergsson, Ingbór Snjólfsson, Bergný Dögg Sophusdóttir (stuðningsfulltrúi) og Dagur Kári Kristinsson.

Á myndina vantar: Kristinn Daða Lúðvíksson.



7. CBRC

Efst röð frá vinstri: Hartmann Bjartur Ólafsson, Líf Hjálmsdóttir, Amelia Rán Guðmundsdóttir, Rebekka (var í heimsókn), Logi Daðason og Fannar Atli Victorsson.

Miðröð frá vinstri: Christel B. Rúdólfsd. Clothier umsjónarkennari, Sævar Þór Eggertsson, Guðmundur Andri Björnsson, Fura Claxton, María Ósk Ásgeirsdóttir og Sara Ósk Eyfjörð Hólmarsdóttir.

Fremsta röð frá vinstri: Húgrín Stefnisdóttir, Marta María Baldursdóttir, Matthea Kristín Watt, Magnús Ingi Sturluson, Elvar Ísak Jessen, Bragi Friðrik Bjarnason, Ágúst Óðinn Ásgeirsson og Hilmar Veigar Ágústsson.

Á myndina vantar: Andra Eyfjörð Unnarsson og Kolfinnu Eir Jónsdóttur.





7. IHÓ

Efsta röð frá vinstri: Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir umsjónarkennari, Sverrir Elí Guðnason, Gabriel Máni Benediktsson, Almar Frosti Guðmundsson og Margrét Elva Fjölvisdóttir.

Miðröð frá vinstri: Morten Ottesen, Víkingur Geirdal Birnason, Birgir Örn Jónasson, Guðjón Ívar Granz, Björgvin Þór Helgason, Freyja Kristný Sævarsdóttir og Eydis Glöð Guðlaugsdóttir.

Fremsta röð frá vinstri: Elísa Nótt Ingadóttir, Óskar Sindri Ármannsson, Askur Björn Líndal Prastarson, Íris Arna Ingvarsdóttir, Rannveig María Gísladóttir, Arna Karen Gísladóttir, Guðlaug Gyða Hannesdóttir, Dána Ósk Viðisdóttir og Snorri Már Óttarsson.

8. HJ

Efstaröð frá vinstri: Valdís Harpa Reynisdóttir, Nina Guðlaug Rúnarsdóttir, Anna María Sigurðardóttir.

Næst efsta röð frá vinstri: Rakel Sif Stefánsdóttir, Ísafold Lilja Benediktsdóttir, Demi van den Berg, Hugrún Erla Arnarsdóttir, Bergþóra Edda Grétarsdóttir, Ásdís Erlingsdóttir, Hlynur Örn Einarsson, Ragnar Páll Adalsteinsson.

Næst neðsta röð frá vinstri: Krístrún Lilja Ragnarsdóttir, Benedikt Ísar Björgvinsson, Bjarni Snær Skarphéðinsson, Hjörtur Hrafnsson, Mateusz Kuptel.

Neðsta röð frá vinstri: Birta Marín Benediktsdóttir, Nökkvi Snorrason, Haukur Leó Sigurðsson, Elvar Logi Guðjónsson, Hrafnar Þór Svansson, Rúnar Breki Óskarsson.

Kennari: Hrafnhildur Jónsdóttir.



8. IH

Efsta röð: Ninja Sigmundsdóttir, Elvar Daði Gíslason, Bjartur Ólafur Eyþórsson, Viktor Daði Eggertsson, Rúnar Sigurðsson, Daði Snær Viktorsson, Balhasar Alexandersson Eck, Viðar Stigurþórsson.

Miðröð: Ingibjörg Haraldsdóttir kennari, Arina Pecorina, Birna Rún Þórólfsdóttir, Salka Hrafn Elvarsdóttir, Sara Pálsdóttir, Felix Heiðar Magnason, Kristján Andri Valmundsson, Tristan Freyr Traustason.

Fremsta röð: Lilja Björk Unnarsdóttir, Karen Káradóttir, Ellert Kári Samúelsson, Aron Benedikt Birgittuson, Andrea Ósk Pétursdóttir.

Á myndina vantar: Gísli Stefán Gíslason, Karen Þorgrímsdóttir, Líf Ramundt Kristinsdóttir.





8. JÐE

Fremsta röð frá vinstri: Kristófer Aron Sigurjónsson, Konrad Gorajewski, Gunnar Smári Sigurjónsson, Tómas Týr Tómasson, Gabriel Llorenz Einarsson, Sýlvía Þórðardóttir og Helga Rós Ingimarsdóttir

Næst fremsta röð: Róbert Leó Gíslason, Gísli Örn Bjarnason, Gígja Kristný Stefánsdóttir, Gunnfríður Rakel Hannesdóttir, Aníta Ósk Pétursdóttir
Aftasta röð: Viktor Örn Einarsson, Ragnar Kristinn GUðjónsson, Arnþjórn Ingi Grétarsson, Magnea Sindradóttir, Sara María Ármannsdóttir, Katrín Þóra Þórðardóttir, Heiður Sara Arnardóttir
Á myndina vantar Sindra Snæ Asgeirsson

9. BP

Aftasta röð: Kári Kristvinsson, Þórður Ingi Hjaltason, Núi Claxton, Nikulás Mýrdal, Almar Kári Ásgeirsson, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Elvira Agla Gunnarsdóttir, Þórður Freyr Jónsson, Logi Mar Hjaltested, Jól Duranona og Daði Freyr Gunnarsson.
Miðröð: Unmur Ósk Ragnarsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Katrín María Ómarsdóttir, Jól Þór Jóhannesson, Sigrún Egla Unnarsdóttir, Elsa Maren Steinarsdóttir, Ólafur Bjarki Stefánsson, Gylfi Kristinn Garðarsson og Berglind Práinsdóttir.
Fremsta röð: Rakel Ýr Granz og Málfríður Júlía Ingvarsdóttir.
Á myndina vantar: Baldur Bent Vattar Oddsson, Hektor Bergmann Garðarsson.



9. ÍÁ

Aftasta röð: Auður Lindal, Pétur Oliver Einarsson, Óðinn Máni Gunnarsson, Hjalti Rafn Kristjánsson, Alex Tristan Sigurjónsson, Daði Már Alfreðsson, Íris Aðalsteinsdóttir, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Júlíus Duranona.
Miðröð: Haffrún Tinna Hafsteinsdóttir, Nina Dögg Hilmarsdóttir, Dagur Karl Lindal Prastarson, Elísabet María Jóhannsdóttir.
Fremsta röð: Berglind Huld Victorsdóttir, Rakel Katrín Sindradóttir, Íris Rakel Aðalsteinsdóttir, Katrín Fjóra Asgeirsdóttir, Amira Þöll Ástrósardóttir, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Ragnheiður Hjálmarsdóttir.
Á myndina vantar: Birki Atla Brynjarsson og Jörgen Mikael Jörgenson.





9. URÁ

Efri röð: Gyða Alexandersdóttir, Ursula Ragna Ásgrimsdóttir umsjónarkennari, Gísli Fannar Gunnbjörnsson, Arnar Gauí Björnsson, Daniel Þrígvinas, Sigurjón Jósef Magnússon, Daniel Breki Bjarkason, Óskar Gísli Búason, Tristan Sölvi Jóhannsson, Birkir Halldórsson, Katrín Ósk Sigurdórsdóttir.

Miðju röð: Ylfa Laxdal Unnarsdóttir, Ýmir Hjálmsón, Björk Davídsdóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Thelma Björg Rafnkelsdóttir, Victoria Þórey Þórðardóttir, Baldur Freyr Birgisson.

Fremsta röð: Ían Oliver Davíðsson, Haukur Andri Haraldsson, Pálmi Rúnar Ísólfsón. Á myndina vantar Gísli Frey Þorsteinsson.

10. HDG

Efsta röð til vinstri: Gylfi Borgbór Sigurdsson, Arthúr Bjarni Magnason, Ingi Þór Sigurdsson, stuðningsfulltrúi: Rósa Bjarnadóttir.

Næst efsta röð til vinstri: Ólafur Haukur Arilíusson, Róbert Leó Gíslason, Davíð Ernir Jónsson, Eyþór Atli Arnason, Gabriel Þór Þórðarsson.

Næst neðsta röð til vinstri: Dagbjört Líf Guðmundsdóttir, Alexandra Ósk Reynisdóttir, Ingveldur Ósk Sigurdardóttir, Hólmfríður Erla Ingadóttir, María Rún Ellersdóttir, Brynhildur Helga Viktorsdóttir, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Hjördis Dögg Grímarsdóttir umsjónarkennari.

Neðsta röð til vinstri: Armann Ingi Finnbogason, Ástís María Guðjónsdóttir, Jóhannes Breki Harðarsson, Kristófer Áki Hlinason.



10. IS

Efsta röð frá vinstri: Kristín Vala Jónsdóttir, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Una Þórdís Bjarkadóttir, Bjarki Brynjarsson Önnur röð frá vinstri: Kristrún Lára Bjarnadóttir, Auður Þórhallsdóttir, Aníta Sól Gunnarsdóttir, Rúna Björk Guðmundsdóttir, Írena Dögg Arnarsdóttir, Amber Ýr Taroni.

Þriðja röð frá vinstri: Jón Gautur Hannesson, Ólafur Ían Brynjarsson, Franz Bergmann Heimisson, Ellert Lár Hannesson.

Fremsta röð frá vinstri: Hafþór Örn Arnarson, Hrafnkell Váli Valgarðsson, Aron Elvar Dagsson, Ingibjörg Stefánsdóttir umsjónarkennari.





10. UG

Efsta röð: Harpa Ósk Svansdóttir, Matthías Smári Sigvaldason, Alexander Dagur Sigmarsson, Birnir Már Þorvaldsson, Keiran Þráinn Kelly, Einar Óli Hjaltason, Unnar Þór Gardarsson, Jón Hjörvar Valgarðsson.

Mið röð: Agnes Rún Marteinsdóttir, Margrét Lilja Jónsdóttir, Elsa María Eimarsdóttir, Baldur Páll Stefánsson, Marey Edda Helgadóttir, Bergur Breki Stefánsson, Bóas Orri Hannibalsson, Friðmey Ásgrímsdóttir, Tania Sól Ragnarsdóttir.

Fremsta röð: Sölvi Snorrason, Ingi Þór Sigurðsson, Guðmundur Sveinn Gunnarsson, Eysteinn Agnar Georgsson, Maron Reynir Sigurðarson, Vilhjálmur Arni Ragnarsson.

Vetrarnætur

Öflugur hópur nemenda og starfsmanna úr Grunda-skóla hafa staðið sig frábærlega undanfarnar vikur við undirbúning viðburðar á byggðasafninu Görðum. Sýningin Vetrarnætur var stórkostleg þar sem afrakstur vinnunnar fékk að njóta sín á svo mörgum sviðum.

Það var hún Auður Líndal sem fór fremst í flokki í þessu verkefni.



ZZZ



Skólastarf Grundaskóla í heimsfaraldri

Íslenskt samfélag hefur nú tekist á við miklar áskoranir vegna heimsfaraldurs COVID-19. Gripið hefur verið til aðgerða sem eiga sér engin fordæmi á lýðveldistímum sem meðal annars snúa að skólastarfi í landinu. Skólastarf Grundaskóla fór í gegnum miklar sviptingar á árinu og starfsmenn sýndu faglegan styrk á vettvangi við afar óvenjulegar aðstæður. Segja má að skólasamfélagið hafi þjappað sér saman við á leysa flókið viðfangsefni sem reyndi á alla aðila.

Í byrjun árs bárust fréttir frá Asíu um að hætta væri á heimsfaraldri sem engin jarðarbúi væri hultur af. Í byrjun voru áhyggjur manna á Íslandi takmarkaðar og jafnvel talið að áhrifa þessa myndi ekki gæta hér á landi. En annað átti eftir að koma á daginn.

Í vor þurfti að grípa til harðra sóttvarnaaðgerða sem hafði áhrif á hvert einasta heimili í landinu sem og alla vinnustaði. Grundaskóli hefur reglulega uppfært sóttvarnaáætlanir sínar en þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem grípa hefur þurft til neyðaraðgerða til að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna. Skýr skilaboð bárust í mars frá Almannavörnum til skólastjórnenda um að skólar ættu að grípa til sóttvarnaaðgerða til að tryggja sem best öryggi borgaranna og verja innviði íslensks samfélags. Einnig var tilgreint að fylgt yrði sóttvarnaáætlunum yfirvalda og að ákvarðanatataka og framkvæmd á hverjum stað yrði eins vönduð og kostur væri.

Við áhættumat heilbrigðisyrivalda var lögð áhersla á að skóla, heilbrigðis og margvísleg félagsþjónusta héldi áfram starfsemi. Þessi ákvörðun byggði á eðli sjúkdómsins og mikilvægi þessarar þjónustu fyrir samfélagið. Á sama tíma og skólar og fleiri stofnanir áttu að halda úti lítt skertri þjónustu var þeim ætlað að tryggja sem best sóttvarnir. Með öðrum orðum þá var skólum ætlað á sama tíma að vera og ekki vera, gera og ekki gera.

Í Grundaskóla var allt skólastarf

endurskipulagt og skólanum skipt upp í þrettán sóttvarnarhólf. Hver árgangur var sjálfstæður í sínu hólf, auk þess var skólastjórn skipt upp og stofnaðir voru svokallaðir X bekkir. Í X bekkjum voru nemendur starfsmanna sem störfuðu í framlínu s.s. í heilbrigðisþjónustu og þurftu nauðsynlega á skólaþjónustu að halda vegna starfa sinna. Einnig var brugðist við ýmsum samfélagslegum málum þar sem nauðsynlegt var að börn sæktu skóla alla daga.

Við skipulag skólastarfs var öryggi og heilsa nemenda og starfsfólks í öndvegi. Viðkvæma hópa þurfti að verja sérstaklega og tryggja að umsvifalaust var brugðist við öllum mikilvægum upplýsingum sem varða starfsemi skólanna. Hluti starfsmanna og nemenda þurfti að fara í varnarsóttkví vegna undirliggjandi sjúkdóma og reyndu skóla-yfirvöld að þjónusta þennan hóp einnig með ýmsum sérúrræðum.

Á svona stundum sést kannski best hversu mikilvægir skólar eru fyrir samfélagið. Skólarnir hafa meðal annars það hlutverk að auka jöfnuð og vernda börn. Fjölmörg dæmi mætti nefna þar sem starfsmenn unnu þrekvirki við að styðja við nemendur og fjölskyldu á þessum óvissutímum.

Í stuttu máli þá var öllu skólastarfi kollvarpað og breytt úr hefðbundnu staðnámi yfir í fjarnám með aðstoð nýrrar tækni. Starfsmenn, foreldrar og nemendur lærðu ný vinnubrögð á nokkrum dögum og héldu áfram skólastarfi við afar óvenjulegar aðstæður. Eftir á að hyggja er í raun aðdáunarvert hversu vel fólk vann saman við að leysa ótrúlegustu mál og skapa nýjar leiðir og lausnir.

Þegar litið er í bakspegilinn má sjá að við lærðum margt á vormánuðum. Í því sambandi má nefna að hlutir sem við töldum gefna eða sjálfsagða s.s. að geta alltaf mætt í skólann eða ferðast óhindrað var ekki lengur sjálfsagt mál. Einn af lærdómum þessa tímabils er einnig að við kunnum öll betur að meta ýmsa hluti sem ekki verða metnir til fjár en við gerðum fyrir Covid.

Skólasamfélagið í Grundaskóla lét Covid ekki raska skipulaginu og skólastarfið hélt áfram án mikill skakkafalla. Nemendur, foreldrar og starfsmenn þéttu raðirnar og reynslan úr þessari glímu á vormánuðum á án efa eftir að gagnast okkur í næstu bylgjum. Við tökum sumrinu þó fagnandi og vonandi eiga allir gott og ánægjulegt sumarleyfi.



Á þessu skólaári létu þrjár reynsluboltar af störfum eftir áratuga þjónustu í Grundaskóla. Valgerður Janusdóttir, sviðstjóri færði þeim Borg-hildi Jósúadóttur, Ástu Egilsdóttur og Steinunni Guðmundsdóttur kveðjugjöf frá Akraneskaupstað. Þessar konur hafa átt stóran þátt í kröftugu skólastarfi Grundaskóla og framlag þeirra til kennslu- og uppeldismála á Akranesi verði seint full þakkað.



Grundaskóli
Akranesi